

Borgarstjórn Reykjavíkur 3. desember 2009

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Á dagskrá er fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010. Hún er lögð fram ásamt greinargerð og starfsáætlunum. Jafnframt er lagt fram yfirlit yfir breytingar á eftirtöldum gjaldskrám: Gatnagerðargjald, skulp, heimæðagjöld, Borgarbókasafn, Ljósmyndasafn, höfunda- og birtingaréttur, Árbæjarsafn, Landnámssýning, Viðey og Höfuðborgarstofa. Þá eru lagðir fram liðir sbr. fundargerð borgarráðs frá 1. desember, 4. liður: lántaka vegna framkvæmda á árinu 2010, 5. liður: álagningarhlutfall útsvars árið 2010, 6. liður: hlutfall fasteignaskatt, holræsagjalda og lóðaleigu árið 2010, 7. liður: viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og holræsagjalds elli- og örorkulífeyrisþega. Samkvæmt hefð er fallið frá takmörkunum á lengd ræðutíma í þessari umræðu, til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég mæli hér fyrir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 samkvæmt hefð, fyrri umræða fer hér fram í dag, tveimur dögum seinna en til stóð og um það var gott samkomulag, enda mikið efni sem borgarfulltrúar hafa þurft að kynna sér fyrir þessa umræðu sem ég vona að verði málefnaleg, og síðan verður önnur umræða um fjárhagsáætlunarvinnuna þriðjudaginn 15. desember næstkomandi þar sem fjárhagsáætlunin verður afgreidd og á milli umræðna gefa borgarfulltrúar og aðgerðahópur sér tíma og rými til þess að fara yfir áætlunina.

En Reykjavíkurborg þarf, líkt og heimilin og fyrirtækin í landinu, að bregðast þessa dagana við miklum tekjusamdrætti og endurmeta þjónustu, verkefni og allan rekstur. Í þessu verkefni geta opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, geta farið ólíkar leiðir. Ein leið væri, eins og rætt hefur verið um hér á vettvangi borgarstjórnar, að hækka skatta, jafnvel búa til nýja skatta, og hækka gjöld og láta þar við sitja. En slík leið mun örugglega draga úr frumkvæði og sjálfsbjargarviðleitni einstaklinga og fyrirtækja og getur því leitt til lengri samdráttar. Verkefni ársins 2010 hjá Reykjavíkurborg verður því að standa vörð um þjónustu við börn og velferð og forgangsraða í þágu þeirra án þess að hækka skatta og án þess að hækka gjöld fyrir grunnþjónustu. Þetta eru að mínu mati mikil afrek og ég vona að menn sjái það þegar umræðunni fram vindur að sameiginlega hefur okkur tekist hér á vettvangi borgarstjórnar að ná þessum markmiðum. Þetta verður gert með því að hagræða í stjórnsýslu og í almennum rekstri borgarinnar. Þetta er kjarninn í því frumvarpi sem lagt er fram hér í dag og verður leiðarljós okkar við rekstur Reykjavíkurborgar á næsta ári.

Samkvæmt því frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010, sem ég mæli hér fyrir í dag verða framlög til velferðarþjónustu ekki lækkuð, við stöndum vörð um menntun og þjónustu við börnin í leikskólum og grunnskólum borgarinnar og þjónusta frístundaheimila verður áfram tryggð. Gjaldskrár fyrir grunnþjónustu verða ekki hækkaðar, þar með talin leikskólagjöld, sem eru nú með þeim lægstu á landinu, og matargjöld í grunnskólum og gjaldskrár frístundaheimila verða einnig óbreyttar. Við vitum að þetta er hægt því við höfum þegar sýnt á þessu ári að þetta er hægt. Með því að rýna allan kostnað rækilega,

spyrja gagnrýnna spurninga um öll útgjöld, hætta að þenja út kerfið heldur nýta þann mannafla, tæki og fjármuni sem við höfum þegar yfir að ráða enn betur og með því að vera ákveðin í okkar skýru forgangsróðun, munum við tryggja að íbúar þessarar borgar haldi áfram að njóta framúrskarandi og víðtækrar þjónustu sem er með því besta sem þekkist í heiminum. Og þetta munum við gera, hæstvirtur forseti, eins og ég nefndi áðan, án þess að hækka skatta eða aðrar álögur á heimili og fyrirtæki í borginni. En af hverju og hvers vegna leggjum við áherslu á það? Jú, af því að við teljum að það sé okkar verkefni að taka fyrst til í eigin ranni, okkar eigin ranni, okkar eigin stjórnsýslu eins og okkur er frekast unnt, leita allra leiða áður en við grípum niður í vasa íbúa sem eru mun léttari nú en fyrir ári síðan og hjá mörgum svo léttir að til verulegra vandræða horfir.

Ég hef sagt það áður og oft í þessum sal og get sagt það aftur hér að hið opinbera kerfi mun, að mínu mati, ekki leysa þann vanda sem við okkur blasir. Við getum tekið þátt í þeirri lausn og gerum það af fullum heilindum og í takt við skyldur okkar og ábyrgð en eina leiðin út úr þeim efnahagsvanda sem við okkur blasir er samstillt átak sveitarfélaga, ríkisins, fyrirtækja og heimila í landinu. Það þýðir í mínum huga að hvert og eitt okkar geri sitt besta en leggi ekki stein í götu annarra sem eru einnig að gera sitt besta til að leysa rekstrarvanda, halda uppi atvinnu, borga af húsnæði eða sjá til þess að halda heimili gangandi. Skattahækkningar eru að okkar mati slíkur steinn og munu til lengri tíma litið dýpka þann efnahagsvanda sem við er að etja. Nú þegar má segja að afleiðingar stórfelldra skattaáforma ríkisstjórnarinnar séu byrjaðar að koma fram með fjöldauppsögnum hjá fyrirtækjum, þar með auknu atvinnuleysi og þverrandi vonum fjölskyldna og vinnandi fólks um að leysa úr sínum málum. Þetta er ekki aðeins skoðun okkar hér í Borgarstjórn Reykjavíkur heldur hafa fjölmargir aðilar lýst yfir þungum áhyggjum af umfangi boðaðra skattahækkana, þar með talin miðstjórn Alþýðusambands Íslands sem hefur varað sérstaklega við þeim áhrifum sem hækkun neysluskatta hefur á rekstur og skuldir heimilanna og bent á að hækkun skatta leiði til meiri samdráttar í atvinnulífínu með skerðingu á kjörum og auknu atvinnuleysi.

Við getum ekki skattlagt okkur út úr þeirri kreppu sem við erum í. Eina leiðin út úr kreppunni er að blása lífi í þær glæður sem enn loga í íslensku samfélagi. Ýta

undir dugnaðinn og metnaðinn sem einkennir þessa þjóð. Hvetja til atvinnusköpunar og standa þannig vörð um tekjugrundvöll fjölskyldna og fyrirtækja. Tryggja að íbúar þessarar borgar njóti góðrar grunnþjónustu og lágmarka kostnað við hana. Allt síðastliðið ár höfum við leitað leiða til að ná þessum markmiðum sem nú endurspeglast í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010.

En hefur þessi vinna verið einfalt verk? Sannarlega ekki. Hér hefur af starfsfólki Reykjavíkurborgar og af borgarfulltrúum verið unnið þrekkvirki dag og nótt frá því fyrir liðlega ári síðan þegar við ákváðum að setja á laggirnar aðgerðahóp til að bregðast við áfallinu sem reið yfir þessa þjóð haustið 2008. Við höfum ekki einungis leitað í smiðju innan borgarkerfisins heldur einnig utan þess og jafnvel út fyrir landsteina. Það hefur ekki síst verið gagnlegt að læra af reynslu nágrannaborga beggja vegna Atlantshafsins sem hafa lent í alvarlegum efnahagserfiðleikum. Þar höfum við verið hvött til að sýna aðhald í rekstri og vera óhrædd við að forgangsraða, að halda uppi þjónustu við þá sem lenda í erfiðleikum vegna atvinnumissis, að leggja okkar af mörkum til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi, og að hækka ekki skatta.

Með samstilltu átaki, sveigjanleika og samvinnu hefur okkur tekist að ná betri árangri en við þorðum að vona við upphaf þessarar vegferðar. Gleðitíðindin, og það eru tíðindi sem Reykvíkingar og Íslendingar eiga að þakka fyrir, eru þau að verstu spár fyrir þetta ár hafa ekki ræst og nú í lok árs er ljóst að borginni hefur tekist ágætlega upp við að mæta auknum þjónustubunga á sumum sviðum og minnkandi eftirspurn annars staðar. Það tókst vegna þess að um leið og vandinn varð ljós gripum við í taumana. Við ýttum úr vör gríðarlega umfangsmiklum aðgerðum sem nú þegar eru farnar að skila sér í góðum rekstrarárangri borgarinnar. Þrátt fyrir samdrátt í tekjum hefur okkur tekist að mæta öllum fjárhagsskuldbindingum borgarinnar og tryggja góða stöðu í lok árs. Vegna þessa er ég bjartsýn á árið framundan. Ég er bjartsýn á að okkur takist áfram að tryggja góðan rekstur höfuðborgarinnar jafnhliða því að verja hagsmuni Reykvíkinga. Verjum hagsmuni fjölskyldna, barnanna og forgangsröðum í þágu þeirra og velferðar borgarbúa.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég mun hér á eftir byrja á því að reifa þann árangur sem náðst hefur á þessu ári. Síðan fjalla um forsendur fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár og hagræðingarleiðir. Loks mun ég fara stuttlega yfir helstu áherslur sviða og fyrirtækja borgarinnar. Ég vil byrja á því, hæstvirtur forseti, að þakka borgarfulltrúum allra flokka, formönnum fagraða, stjórnendum og starfsmönnum Reykjavíkurborgar fyrir þá miklu vinnu sem fram hefur farið á þessu ári. Þessi vinna hefur jafnframt skilað okkur dýrmætri reynslu og þekkingu og traustari undirstöðum en við höfðum áður. Framtíðin er óviss, eins og alltaf, en að minnsta kosti vitum við að borgin hefur getu og burði til að fást við óvenjulegar aðstæður og skyndilegar forsendubreytingar, markvisst og af festu.

Það var mikil gæfa að strax með myndun nýs meirihluta í ágúst 2008 var boðað til þverpólitísks samráðs og stofnaður aðgerðahópur til að bregðast við breytingum í atvinnu- og fjármálaumhverfi og skilaði hópurninn framsýnni og verðmætri aðgerðaáætlun. Með þessu sendi borgin skýr skilaboð út í samfélagið svo víða var eftir tekið. Þetta samstarf hefur verið árangursríkt og ég vil þakka oddvitum flokkanna og forseta borgarstjórnar sem skipað hafa hópinn. Í hagræðingarvinnu vegna fjárhagsáætlunar 2009 var fetað inn á nýjar brautir með víðtæku samráði við starfsfólk. Skemmst er frá því að segja að sú vinna tókst með miklum ágætum og skilaði hagræðingu upp á um 1,3 milljarða króna. Þá skilaði þessi vinna aukinni kostnaðarvitund meðal starfsfólks. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu starfsmönnum sem lögðu hönd á plóg og tóku þátt í þessari vinnu. Sérstakt ánægjuefni er að þetta verkefni fékk tilnefningu til verðlauna hjá EuroCities, samtökum evrópskra borga. Það er mikil viðurkenning fyrir þetta góða og árangursríka starf.

Einnig hefur verið unnið að auknu samráði við íbúa borgarinnar með beinni aðkomu að stefnumótun, forgangsörðun og ákvörðunum. Fólk víða að úr samfélaginu var kallað til við gerð sóknaráætlunar fyrir Reykjavík og sú vinna hefur skilað af sér drögum að framsækinni áætlun til næstu 5-10 ára. Eftt var til fyrsta Hugmyndapings Reykjavíkur í lok október þar sem borgarbúum var boðið að koma og hafa skoðun á þróun borgarinnar til framtíðar undir yfirskriftinni: Í hvernig borg viltu búa? Alls komu um 600 manns á þingið og gáfu borginni yfir 1000 hugmyndir um framtíðarþróun hennar, sem nú er unnið útfrá. Hverfafundur

um aðalskipulag Reykjavíkur hófust í kjölfarið og þar var unnið beint með hugmyndir og ábendingar íbúa varðandi skipulagsmál í hverfum. Fundirnir hafa mælst mjög vel fyrir og mikil ánægja verið með fyrirkomulag þeirra. Loks var í gær hleypt af stokkunum tilraunaverkefni um beint lýðræði við gerð fjárhagsáætlunar 2010. Þetta tilraunaverkefni er í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar frá því í september. En íbúum borgarinnar gefst nú í fyrsta sinn kostur á að forgangsraða ákveðnum fjármunum næsta árs til viðhaldsverkefna og smærri nýframkvæmda í hverfum borgarinnar með sérstakri netkosningu. Við val verkefna var haft að leiðarljósi að þau myndu auka ánægju og öryggi íbúa í hverfunum. Verkefnum er skipt í þrjá flokka: leikur og afþreying, samgöngur og umhverfi og útivist. Kosningunni lýkur 14. desember, daginn fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Úrslitin verða bindandi fyrir okkur sem hér sitjum og sá verkefnaflokkur sem íbúar setja efst á forgangslistann í hverju hverfi fyrir sig fer á fjárhagsáætlun ársins 2010. Við bindum miklar vonir við þetta verkefni, sem segja má að sé rökrétt framhald af 1, 2 og Reykjavík.

Forseti, í aðgerðaáætlun borgarstjórnar fyrir árið 2009 voru gefin fyrirheit um að verja grunnþjónustuna, störfin og gjaldskrár og voru þessi fyrirheit leiðarljós fjárhagsáætlunar fyrir þetta ár. Kveðið var skýrt á um ábyrga fjármálastjórn, stöðugleika í rekstri og tryggingu öflugrar grunnþjónustu fyrir íbúa. Nú þegar rekstarniðurstöður fyrir fyrstu 10 mánuði ársins liggja fyrir er öllum ljóst að vel hefur tekist til.

Mig langar sérstaklega að tæpa á nokkrum atriðum í því sambandi: Stærsti útgjaldaliður borgarinnar er launaliðurinn. Nauðsynlegt var því að gera ráð fyrir lækkun launakostnaðar. Brugðið var á það ráð að lækka hámarksyfirvinnufjölda á mánuði úr 48 stundum í 35 og lækka laun borgarstjóra um 17%, laun kjörinna fulltrúa og kjaranefndarraðaðra starfsmanna um 10%. Ekki var hreyft við grunnlaunum annarra starfsmanna og ekki var hreyft við yfirvinnulaunum starfsmanna með heildarlaun undir 300 þúsund krónum. Þetta var skásta leiðin sem við fundum til að verja störf og starfsmenn sýndu henni almennt skilning. Það er ánægjulegt að segja frá því að í nýlegri starfsmannakönnun kom fram að starfsánægja hafði almennt aukist hjá borginni, þrátt fyrir þessar aðgerðir.

Aukin eftirfylgni með fjárhagsáætlun hefur einnig skipt sköpum. Hert hefur verið á ýmsum reglum til að styrkja innviði fjármálastjórnar borgarinnar og aukið innra eftirlit með fjármálum. Fólst það meðal annars í nýju vinnulagi varðandi eftirlit með innkaupum, ferðalögum og almennt aukinni rýningu reikninga. Hafa þessar reglur þegar skilað miklu og ferðakostnaður til dæmis lækkað um 75% milli ára. Loks var hert á ráðningaferlum og fara nú allar beiðnir um ráðningar fyrir sérstaka nefnd embættismanna. Þá hefur skýrslugerð til borgarráðs um rekstur og fjármál borgarinnar tekið stakkaskiptum, einkum með mánaðarlegum rekstraryfirlitum. Það hefur aukið eftirlit og innsýn borgarfulltrúa á starfsemi og tækifærum til sparnaðar. Þetta aukna eftirlit nær nú einnig til annarra fyrirtækja í eigu borgarinnar.

Forseti, flest svið borgarinnar hafa ekki aðeins náð þeim rekstrarárangri sem endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir heldur gert betur og eru útgjöld þeirra þegar á heildina er litið innan fjárheimilda ársins. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert í ljósi þess að sviðin tókust ekki aðeins á við verulega hagræðingarkröfu heldur fengu mjög takmarkaðar bætur vegna áætlaðra verðlagsbreytinga sem síðan hafa reynst mun meiri. Þetta er mikill árangur og fyrir hann ber að þakka öllum starfsmönnum. Nú horfir til þess að útsvarstekjur verði nokkuð umfram það sem áætlað var í upphafi þessa árs. Það má einkum rekja til þess að útsvar af séreignasparnaði hefur skilað milljarði í auknum útsvarstekjum og þá hefur útsvarsstofninn verið stærri en ætlað var vegna þess að staða efnahagsmála er skárri en spáð var. Í samræmi við aðgerðaáætlunina voru tekin lán á þessu ári að fjárhæð 5 milljarðar króna til að standa undir margvíslegum framkvæmdum sem höfðu mjög jákvæð áhrif á atvinnu í borginni. Þetta skiptir þeim mun meira máli í ljósi þess að bæði ríki og fyrirtæki drógu verulega saman í fjárfestingum á árinu. Við gerum ráð fyrir að taka einnig lán vegna mannaflsfrekra framkvæmda á næsta ári og fyrir fundinum liggur einnig tillaga um lán upp á 5,8 milljarða til að fara í slíkar framkvæmdir.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Lítum nú fram á veginn. Hinn góði árangur þessa árs treystir undirstöður borgarinnar fyrir næsta ár. Þó að mikillar svartsýni hafi gætt í samfélaginu um margra mánaða skeið eru margar jákvæðar vísbendingar um betri horfur um efnahagsþróun í ár og á næsta ári. Þetta kemur meðal annars

skýrt fram í síðustu spá Seðlabanka Íslands. En þar er landsframleiðsla talin dragast saman um 8,5% í ár en ekki um og yfir 10% eins og áður var talið. Botninum verður náð í vor samkvæmt spám og með hækkandi sól mun landið rísa. Þótt léttara sé nú yfir en fyrir ári síðan ríkir sannarlega mikil óvissa um efnahagshorfurnar. Við skulum beina sjónum að frekari forsendum fjárhagsáætlunar ársins 2010.

Atvinnuleysisstig er vissulega hátt og atvinnuleysi er sárt fyrir alla einstaklinga og fjölskyldur sem við það glíma. Verulega hefur þó dregið úr vexti þess og ljóst að svartskýrustu spár munu ekki rætast. Atvinnuleysi dregur úr útsvarstekjum borgarinnar og velferðarútgjöldin aukast. Hvað varðar næsta ár hafa horfur um atvinnu batnað, þó vissulega sé útlitið erfitt. Nú er talið að atvinnuleysi á landsvísu verði vel undir 10% eða um 9,5%, í stað allt að 11% sem áður var metið. Auðvitað hefur þetta, kæru borgarfulltrúar og forseti, ekki einungis áhrif á spár borgarinnar heldur sem betur fer einnig áhrif á spár ríkisvaldsins, þar sem atvinnuleysi að jafnaði er talið minna og þess vegna léttara framundan en við áttum hugsanlega von á. Atvinnuleysi í borginni hefur hins vegar verið yfir landsmeðaltali og reikna má með að svo verði áfram. Minna atvinnuleysi en ráð var fyrir gert þýðir hins vegar að tekjuforsendur borgarinnar vegna ársins 2010 hafa batnað. Er það mikið gleðiefni.

Vonir um að gengi krónunnar myndi styrkjast í ár hafa hins vegar brugðist og fátt bendir til að krónan muni braggast á næsta ári. Því er reiknað með að gengið verði óbreytt út næsta ár. Lögð er til grundvallar spá um 5% verðbólgu á næsta ári. Ljóst er að skattahækkunir munu hafa áhrif á verðbólguþróun. Við horfum fram á hækkun virðisaukaskatts og hækkun orkusatts sem mun verða velt á almenning. Áformað er að hækka tryggingargjald aftur um 1,6% sem mun kosta Reykjavíkurborg að óbreyttu mörg hundruð milljónir króna. Fyrir liggur hins vegar heiðursmannasamkomulag við fjármálaráðherra um að sveitarfélögunum verði bætt upp tryggingargjaldshækkunin. Ég treysti því þrátt fyrir að ekkert sé fast í hendi um það nákvæmlega.

Ríkisstjórnin hefur einnig boðað verulega hækkun tekjuskatts einstaklinga og fjármagnstekjuskatts. Kjör almennings munu auðvitað versna vegna skattahækkana og stefnir í að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki um meira en

fjórðung frá 2007 til 2010. Við þessar aðstæður er augljóst að svigrúm sveitarfélaganna til frekari tekjuöflunar með sköttum er minna en ekkert. Skattastefna ríkisstjórnarinnar ógnar ekki aðeins afkomu heimilanna með kaupmáttarskerðingu heldur líka með því að draga úr möguleikum atvinnulífsins til að skapa atvinnu. Af þessum sökum hefur Reykjavíkurborg valið að draga saman útgjöld í stað þess að hækka skatta. Í heild þýða þessar efnahagsforsendur að gert er ráð fyrir samdrætti í útsvarstekjum og fasteignasköttum. Við þurfum að sjálfsögðu að mæta því. Þrátt fyrir það vil ég leyfa mér að segja að útlitið er mun bjartara en þegar við hófum vinnu við fjárhagsáætlun sl. haust.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við göngum enn til móts við nýtt ár á grundvelli aðgerðaáætlunar borgarstjórnar frá 7. október 2008. Og ég endurtek grunnildi hennar um að verja grunnþjónustu, gjaldskrár og störf. Þetta er metnaðarfullt í ljósi aðstæðna en reynslan af þessu ári hefur sannfært mig, og ég held okkur flest, um að okkur mun takast enn á ný í sameiningu að ná settum markmiðum.

Við undirbúning frumvarps var reiknað með að hagræðingarkrafa á fagsvið borgarinnar þyrfti að vera 4,2 milljarðar í heild. Betri horfur um tekjur hafa leitt til þess að nú er unnt að lækka hagræðingarkröfu í rúma 3 milljarða þrátt fyrir að við höfum þurft að sætta okkur við lægra afgang frá Orkuveitu Reykjavíkur en við höfðum gert ráð fyrir og teljum eðlilegt. Þetta aukna olnbogaráymi sem nú hefur skapast var nýtt til að lækka hagræðingarkröfu á þau svið sem fyrst og fremst þjóna börnum og fjölskyldum í borginni úr 5,59% í 4,1% af kostnaðargrunni, fella niður hagræðingarkröfu á velferðarsvið sem veitir þjónustu þeim einstaklingum sem af einhverjum ástæðum þurfa aðstoð eða á stuðningi borgarinnar að halda, en áfram er gerð 9% krafa til miðlægrar stjórnsýslu og annarra sviða. Þessir fjármunir hafa þannig verið nýttir til að draga úr þeim hagræðingarkröfum sem helst geta ógnað grunnþjónustu borgarinnar. Ég tel þess vegna að núna megi fullyrða að með þessu frumvarpi sé í öllu staðið við þau grunnildi sem við settum okkur.

Fyrst og fremst er því horft á hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri. Við reynum alls staðar að gera betur, læra af því sem best er gert í rekstri stofnana borgarinnar og minnka yfirbyggingu. Alls staðar er dregið úr aðkeyptri vinnu og gert er ráð fyrir að frestað verði ráðningum í stöður sem losna. Að sjálfsögðu munum við þó gæta að því að ráða í þær stöður sem nauðsynlegar eru vegna grunnþjónustu. Við

gætum hins vegar að því sem mestu máli skiptir: börnin okkar á leikskólunum og í grunnskólunum eiga áfram að njóta góðrar menntunar. Við stöndum vörð um félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun og barnavernd. Við bætum í þjónustu við þá sem misst hafa atvinnu.

Þannig var atvinnumálahópi í haust falið að semja leiðbeinandi viðmið um atvinnumál fyrir fjárhagsáætlun. Í viðmiðunum sem voru á dagskrá fyrr í vikunni í þessum sal er lögð mikil áhersla á málefni atvinnulausra ungmenna og kallað á varðstöðu um sumarstörf ungs fólks. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að liðurinn atvinnumál hjá Íþrótt- og tómsundaráði verði óbreyttur, um 96 milljónir króna. en að auki er bætt við sérstökum lið í áætlunina að fjárhæð 150 milljónum undir sameiginlegum kostnaði sem heitir atvinnumál ungs fólks. Ég vil nota þetta tækifæri enn og aftur, forseti, til að þakka atvinnumálahópnum fyrir sín störf og þá sérstaklega formanni hópsins, Oddnýju Sturludóttur.

Meira en mannsaldur er síðan Reykjavíkurborg stóð síðast frammi fyrir atvinnuleysi af þeirri stærðargráðu sem nú er við að etja. Reynsla Helsinki og annarra sem glímt hafa við þennan vanda sýnir að mikilvægt er með raunhæfum aðgerðum að stuðla að virkni þeirra sem verða atvinnulausir. Í þessu frumvarpi erum við einmitt að ávarpa þessa áskorun með sérstakri virkniáætlun á velferðarsviði til að vinna gegn langtímavanda ungs fólks með því að hvetja til náms, verkefna eða sjálfböðavinnu. Í aðgerðaáætlun borgarinnar vegna efnahagsvandans er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg reyni eftir föngum að efla atvinnu með mannaflsfrekum framkvæmdum og vinna þannig gegn atvinnuleysi. Framkvæmdaáætlun borgarinnar gerir einmitt ráð fyrir að borgin fjárfesti fyrir um 6,5 milljarða króna á næsta ári, að meðtöldum framkvæmdum Völundarverks, við endurbyggingu húsanna á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Reykjavíkurborg vill með þessu og öðrum aðgerðum, þar með talið því að hækka ekki skatta, blása til sóknar og segja atvinnuleysi og óvirkni fólks stríð á hendur. En þessi mannaflsfreku verkefni eru þó háð því að borgin geti aflað fjármagns með skuldabréfaútboði á ásættanlegum kjörum.

Ég vil að lokum draga fram eftirfarandi þætti varðandi tölurnar sjálfar: Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta, þ.e. þess hluta starfsemi borgarinnar sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, skili 37 milljónum króna í

afgang. Eins og ég hef áður rætt um er þó mikil óvissa um efnahagshorfur sem getur haft mikil áhrif á útsvars- og fjármagnstekjur og útgjöld borgarinnar. Ég vil þó undirstrika að ég tel að bæði tekju- og gjaldaáætlanir frumvarpsins séu varfærnar.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég mun nú víkja máli mínu að starfs- og fjárhagsáætlunum einstakra sviða borgarinnar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 ber þess glögggt merki að Reykjavíkurborg forgangsraðar í þágu barna og velferðar. Við úthlutun ramma til einstakra sviða var horft til þess að málaflokkar á borð við leik- og grunnskóla og íþróttir og tómstundir fengju minni hagræðingarkröfu en miðlæg stjórnsýsla og þeir málaflokkar sem annast ýmiskonar framkvæmdir, skipulag og umhverfismál. Engin hagræðing var gerð á velferðarsvið.

Samanlagt þarf að hagræða í rekstri borgarinnar um 3,3 milljarða króna. Áætlað er að 17% af þessari hagræðingu, eða 552 milljónir króna, muni nást fram með auknum samrekstri í borgarkerfinu, fyrirmyndarrekstri og auknu eftirliti. Með aðhaldi í ráðningum og launaútgjöldum náist fram 19%, eða 651 milljón af hagræðingunni. Hagræðing í húsnæðiskostnaði og viðhaldsverkefnum skili 26% af heildinni eða 867 milljónum og hagræðing í samningum og styrkjum til þriðja aðila 24% eða 818 milljónum. Gert er ráð fyrir að aðra leiðir til hagræðingar skili 448 milljónum króna í hagræðingu, eða 13% af heildinni. Ráðhúsið hefur gengið á undan með góðu fordæmi, til dæmis er annað árið í röð skorið verulega niður á skrifstofu borgarstjóra eða um 17%. Það er gleðilegt að segja frá því að fjölmargar hugmyndir um hagræðingu koma frá starfsfólki borgarinnar sjálfu. Starfsfólk borgarinnar er einfaldlega okkar bestu sérfræðingar þegar kemur að því að finna góðar leiðir til að minnka óþarfa kostnað.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Velferðarsvið ber ábyrgð á velferðarþjónustu og hlutverk sviðsins er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Því er ekki gerð nein hagræðingarkrafa á þennan viðkvæma málaflokk, en mæta þarf auknum kröfum um velferðarþjónustu, m.a. sívaxandi fjölda einstaklinga sem leitar eftir fjárhagsaðstoð og fjölgun þeirra sem fá húsaleigubætur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun á húsaleigubótum sem nemur rúmlega 800 milljónum króna og jafnframt er gert ráð fyrir því að sérstakar húsaleigubætur muni einnig hækka um helming eða fara úr 138 milljónum króna í rúmlega 257 milljónir. Mikil fjölgun

hefur verið á heimilum, þar sem einn eða fleiri einstaklingar fá fjárhagsaðstoð á milli árána 2008 og 2009 en þeim hefur fjölgað um rúmlega 600. Þessi mikla aukning á fjölda heimila hefur hækkað heildarupphæð fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar úr rúmum milljarði árið 2008 í ríflega 1,6 milljarða árið 2009, samkvæmt útkomuspá ársins. Áætlanir gera ráð fyrir að 3.500 heimilum í Reykjavík verði veitt fjárhagsaðstoð á árinu 2010. Mikið álag hefur verið á starfsmönnum sviðsins vegna aukningar á eftirspurn eftir þjónustu þess en þeir hafa hinsvegar staðið sig með miklum sóma og fyrir það ber að þakka. Nýjar áskoranir hafa kallað á ný og breytt vinnubrögð og stífa forgangsröðun í þágu þeirra borgarbúa, sem búa við hvað viðkvæmstu aðstæðurnar.

Sérstök áhersla verður lögð á að vakta þjónustupörf barna og barnafjölskyldna á árinu 2010 til að sporna við því að kreppan hafi með beinum eða óbeinum hætti neikvæð áhrif á börnin í borginni. Áfram verður haldið því góða starfi sem starfsfólk velferðarsviðs hefur unnið í samstarfi við fulltrúa annarra sviða borgarinnar í þágu barna og unglunga, en sú vinna hefur mikið forvarnagildi. Mikil áhersla verður lögð á að virkja fólk til sjálfshjálpar á árinu 2010 en velferðarsvið hefur fengið auknar fjárheimildir til að sinna fólki sem hefur verið atvinnulaust í lengri tíma og fær fjárhagsaðstoð á vegum Reykjavíkurborgar. Unnið verður að því áfram að þróa samvinnu heimaþjónustu borgarinnar og heimahjúkrunar en á árinu hefur sviðið bæði tekið við heimahjúkrun og búsetuúrræðum geðfatlaðra frá ríkinu með sérstökum þjónustusamningum. Fjölmörg tækifæri felast í auknu samstarfi starfsmanna á þessum sviðum, borgarbúum til hagsbóta.

Menntasvið Reykjavíkurborgar rekur 39 grunnskóla, með hátt í 13.600 nemendur og hefur það hlutverk að veita þeim bestu mögulegu menntun á hverjum tíma. Rammi menntasviðs hefur verið hækkaður frá fyrri úthlutun sem nemur 264 milljónum króna til að standa vörð um kennslu grunnskólanema. Engin hagræðing verður á sérkennslu, nýbúakennslu eða á almennt kennslumagn í grunnskólum og sérskólum. Menntasvið mun eftir sem áður horfa til mögulegra tækifæra til aukins sveigjanleika í skólastarfi sem kunna að bjóðast í viðræðum menntamálaráðuneytisins við Samband íslenskra sveitarfélaga án þess að skerða grunnþjónustu. Sviðið mun áfram vinna eftir hugmyndafræði um fyrirmyndarrekstur og samrekstur til að ná sem bestum rekstrarárangri. Innleiddar

verða tillögur um að hámarka nýtingu fjármagns og reiknilíkan vegna úthlutunar fjármagns til grunnskólanna verður endurskoðað svo og ýmsar úthlutunarreglur.

Á árinu 2010 er ýmsum verkefnum á sviðinu frestað vegna hagræðingar, dregið er úr innkaupum á búnaði, dregið er úr símenntunarkostnaði og öðrum starfsmannatengdum kostnaði, styrkir eru lækkaðir og hagrætt er í almennum rekstri. Hagrætt er í yfirstjórn og miðlægum liðum og ekki er ráðið í stöður sem losna nema nauðsynlegt sé vegna kennslu. Ég tel að líkt og á leikskólasviði hafi stjórnendum menntasviðs tekist að forgangsraða með þeim hætti að óhætt sé að fullyrða að þrátt fyrir þær kröfur sem gerðar eru um hagræðingu á sviðinu muni okkur takast að standa vörð um grunnskólana og halda áfram að veita börnum okkar bestu menntun sem völ er á. Það er gleðileg staðreynd að hlutfall fagmenntaðra kennara hefur aldrei verið hærra í grunnskólum borgarinnar en það er einmitt í dag.

Þjónustusamningar við tónlistarskóla munu standa óbreyttir yfirstandandi skólaár. Framlög borgarinnar til tónlistarskóla munu hins vegar breytast á árinu enda er það sameiginlega afstaða sveitarfélaganna að þau skuli ekki einhliða standa straum af kostnaði vegna tónlistarkennslu nemenda sem komnir eru af grunnskólaaldri. Þessi mál eru nú til meðferðar hjá menntamálaráðherra og verða vonandi leidd til lykta í viðræðum milli sveitarfélaga, tónlistarskóla og menntamálaráðuneytisins og vonir standa til, eins og menntamálaráðherra hefur sagt, að flutt verði frumvarp um málið á þingi næstkomandi haust.

Á næsta ári munu um 6.700 börn vera komin með pláss í leikskólum Reykjavíkur og hefur þeim þá fjölgað um 220 frá árinu 2008. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna nýs leikskóla í Úlfarsárdal, fleiri barna í Grandaborg og nýs leikskóla Hjallastefnunnar, Öskju. Í samræmi við aðgerðaáætlun borgarstjórnar verða gjaldskrár leikskóla óbreyttar og áfram verður veittur 100% systkinaafsláttur. Leikskólasviði er gert að hagræða um 4,1% og það er sérstök ástæða til að þakka stjórnendum og starfsfólki leikskólasviðs og leikskólaráði fyrir það hvernig sú hagræðing hefur verið útfærð með hagsmuni leikskólabarna í huga. Stórum hluta hagræðingar á leikskólasviði verður náð með samrekstri, auknu eftirliti með innkaupum, nýjum útboðum og rammisamningum. Hægt verður á innritun nýrra leikskólabarna sumarið 2010 til að gefa starfsmönnum svigrúm til

að taka sumarfrí, þjónustutrygging verður lækkuð í áföngum og framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla mun lækka í samræmi við hagræðingu hjá borgarreknum leikskólum. Fækkað verður í yfirstjórn og ekki verður ráðið í stöður sem losna nema ríka nauðsyn beri til. Það er ánægjulegt og gott að um það náðist góð samstaða á vettvangi aðgerðahóps að sá rammi sem við höfðum í upphafi og var ansi þröngur en við náðum að vinna betur úr því, eða efnahagsástandið bauð okkur upp á að vinna betur úr því, að það fjármagn hefur verið nýtt til þess að tryggja það að eitthvað af þeim hugmyndum sem auðvitað hafa verið í umræðunni á vettvangi borgarinnar og fagraða um hagræðingu í leikskólum og grunnskólum, verða ekki að veruleika að þessu sinni. Sviðið áformar þannig að gera kröfur um hagkvæmari rekstur án þess að þjónusta við börnin skerðist með nokkrum hætti og munu stjórnendur fá leiðbeiningu og fræðslu í þeim efnum.

Breytt efnahagsumhverfi hefur einnig haft þau jákvæðu áhrif að vel gengur að ráða starfsfólk í leikskólana og menntunarstig starfsmanna hefur hækkað mjög mikið. Á næsta ári stefnir í að leikskólakennarar og annað háskólamenntað starfsfólk verði hátt í 60% af áætluðum stöðugildum starfsmanna. Þetta er aukning frá því sem verið hefur fyrir tveimur árum þegar hlutfallið var 45%. Fáar stofnanir borgarinnar fá einnig jafn jákvæð viðhorf eins og Leikskólar Reykjavíkur. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun á viðhorfum foreldra til leikskóla telja 98% foreldra að barni sínu líði vel í leikskólanum og 95% telja að komið sé til móts við þarfir barns síns.

Ein af megináherslum í starfi Íþrótt- og tómsundasviðs á árinu 2010 verður að auka samstarf við menntasvið með það að markmiði að mynda samfellu í skóla- og frístundastarfi, þar sem hagsmunir barna og unglinga verða hafðir að leiðarljósi. Stefnt verður að samþættum vinnudegi skóla og frístundaheimila hjá börnum í 1.-4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Íþrótt- og tómsundasvið og menntasvið munu vinna sameiginlega að þessu markmiði ásamt því að unnið verður að frekari samþættingu á starfsemi sviðanna varðandi rekstur frístundaheimila. Spannandi nýjung í þessu samhengi er í Úlfarsárdal en haustið 2010 mun þar taka til starfa grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili í sömu byggingu. Forsendur í rekstri frístundaheimila gera ráð fyrir 2.600 börnum að meðaltali í vistun sem er fjölgun

um 500 börn. Endurskilgreind verða viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann. Nokkur umræða hefur orðið um hvort ekki megi draga úr þjónustu frístundaheimila á starfsdögum grunnskóla og í jóla- og páskafríum. Sjálfsgagt er að ræða þetta betur milli umræðna. Hjá íþrótt- og tómstundasviði er gert ráð fyrir hagræðingu í skrifstofurekstri og lækkun á kostnaði vegna orkunotkunar. Dregið verður úr tækjakaupum og sparað í almennum rekstri íþróttamannvirkja, samstarfssamningar verða endurskoðaðir í samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og byggingarstyrkir lækkaðir. Það er sérstök ástæða til að nota þetta tækifæri til þess að þakka forsvarsmönnum þessa sviðs, forsvarsmönnum íþróttafélaganna í borginni og annarra þeirra aðila sem koma að samningagerð á vettvangi íþrótt- og tómstundasviðs en það hefur gengið afar vel að fá íþróttafélögin og aðra aðila sem eru í góðu samstarfi við okkur til að skilja þá stöðu sem borgin er í núna og verja þá þjónustu sem við viljum svo gjarnan verja. Og við væntum þess og vonumst til þess að þetta ástand vari ekki að eilífu þannig að við getum gert betur þegar betur árar gagnvart mikilvægum íþróttafélögum og aðilum í því starfi, tómstundastarfi.

Varðandi menningar- og ferðamálasvið, þá eins og ætíð, einkennir mikill sóknarhugur starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs þrátt fyrir samdrátt í framlögum borgarinnar og gjörbreytta möguleika til að afla styrkja frá fyrirtækjum, en sviðið áætla að auka sértekjur sínar um 11%. Í hagræðingu á sviðinu er þjónustan varin en reynt að draga úr kostnaði, m.a. með öflugum rekstrareftirliti, styttingu á opnunartímum og endurskoðun á samningum við þriðja aðila. Starfsemi næsta árs mun taka mið af nýrri menningarstefnu sem meðal annars leggur áherslu á listuppeldi og menningarfræðslu barna og unglinga, varðveislu menningararfs og blómlegs grasrótastarfs í menningarlífi borgarinnar. Meðal nýmæla í starfseminni 2010 er fyrsta barnalistahátíðin sem við höfum sameinast um hér á vettvangi borgarstjórnar og verður haldin í apríl.

Það er greinilegt að borgarbúar kunna afar vel að meta þjónustu menningarstofnana borgarinnar en gestum fjölgar jafnt og þétt. Þegar hafa á aðra milljón gesta notið þjónustu sviðsins á þessu ári. Jafnframt sýna niðurstöður viðhorfskannana að mikil ánægja ríkir með þjónustuna. Mikilvægi ferðaþjónustu hefur sjaldan verið meira en nú og stórt verkefni á árinu er endurskoðun

ferðamálastefnu Reykjavíkur þar sem framtíðartækifæri verða greind en auk þess verður lögð vaxandi áhersla á kynningu á Reykjavík sem ráðstefnuborg. Þá ber Höfuðborgarstofa ábyrgð á framkvæmd samnings Reykjavíkurborgar við félagið Miðborgin okkar og mun því sinna enn betur málefnum miðborgarinnar.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar þá endurspeglar þessi fjárhagsáætlun aðhald og sparnað hjá öllu borgarkerfinu og sérstaklega þó í miðlægri stjórnarsýslu en skrifstofum í ráðhúsi hefur verið gert að hagræða um 9%. Hagræðingarkrafan er jafnmikil, eða 9%, á umhverfis- og samgöngusvið, skipulagssvið og framkvæmda- og eignasvið. Þau svið hafa einfaldlega haft meira fjármagn til ráðstöfunar, m.a. til að kaupa ýmiss konar vöru og þjónustu en mjög hefur dregið úr slíkum kaupum á árinu og þeim sparnaði haldið áfram á árinu 2010.

Megináherslur umhverfis- og samgöngusviðs bera þess merki að umhverfismálin hafa áunnið sér þann sess í borgarkerfinu að áhrifa þeirra er farið að gæta í öllum rekstri borgarinnar. Á næsta ári verða stigin mikilvæg skref í þeim efnum. Fyrst ber að nefna grænan rekstur hjá borgarstofnunum og innleiðingu grænna skrefa fyrir hvert svið og stofnanir borgarinnar. Á árinu 2010 mun hefjast markviss innleiðing vistvæns rekstrar hjá sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Margar þeirra aðgerða sem eru hluti af innleiðingu græns rekstrar hjá borgarstofnunum komu fram sem hagræðingartillögur frá starfsmönnum borgarinnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti loftlags- og loftgæðastefnu í september á þessu ári. Unnið verður að innleiðingu nýrrar hjólreiðaáætlunar á næsta ári, haldið áfram að fjölga forgangsreinum strætó og kortlagt hvernig Reykjavíkurborg getur unnið hratt og vel að rafbílavæðingu borgarinnar. Haggræðing hjá sviðinu er auðvitað umtalsverð, enda um að ræða 9% hagræðingu á þessum sviðum sem við köllum hörðu sviðin. Henni verður fyrst og fremst mætt með endurskoðun á þjónustustigi og þjónustubáttum vegna viðhalds og hreinsunar gatna og grænna svæða. Áfram verður dregið úr yfirvinnu, ráðningum frestað og aðhalds verður gætt í innkaupum. Haggrætt verður í sorphirðu með aukinni flokkun sorps og aukinni endurvinnsluþjónustu við heimili og á grenndarstöðvum. Bláum tunnum Reykjavíkurborgar hefur fjölgað jafnt og þétt og á næsta ári verður skoðað hvernig er hægt að auka endurvinnslu heimilisúrgangs enn frekar.

Framkvæmda- og eignasvið er einnig svið sem þurfti að mæta 9% hagræðingu en það svið hefur það hlutverk að vera leiðandi á sviði framkvæmda, rekstrar og viðhalds eigna Reykjavíkurborgar og tryggja hagkvæma uppbyggingu borgarlandsins. Sviðið hefur með höndum undirbúning mannvirkja og viðhald þeirra og milli þess og umhverfis- og samgöngusviðs er þjónustusamningur um rekstur og viðhald gatna og opinna svæða. Næsta haust verður tekinn í notkun, eins og ég nefndi áðan, leik- og grunnskóli, ásamt frístundaheimili í Úlfarsárdal. Einnig er fyrirhugað að taka í notkun annan áfanga Sæmundarskóla og fyrsta áfanga Norðlingaskóla. Ljúka á frágangi og halda áfram uppbyggingu í nýjum hverfum borgarinnar, unnið verður við stígagerð og ræktun í nýbyggingarhverfum.

Sinna á meiriháttar endurbótum og viðhaldi á gömlum húsum undir merkjum Völundarverks í Reykjavík en helstu verkefni eru Laugavegur 4 og 6, Norðurpóllinn, Gröndalshús og endurbygging á timburhluta Lækjargötu 2. Þá verður í samstarfi við Vinnuálastofnun farið í átaksverkefni sem felst í meiriháttar viðhaldi og endurbótum á eignum Reykjavíkurborgar. Dæmi um slíkt verkefni er endursmíði hluta glugga í Austurbæjarskóla. Hagræðingu á sviðinu verður aðallega náð með almennum sparnaði, samdráttur verður í rekstri og viðhaldi gatna og opinna svæða og dregið verður verulega úr viðhaldi fasteigna. Þá hefur sviðið einnig forgöngu um að draga úr húsnæðiskostnaði borgarinnar meðal annars með innleiðingu nýrra reglna um innri leigu húsnæðis sviða og stofnana sem fela í sér hvata til þess að nýta húsnæði betur og minnka við sig húsnæði ef mögulegt er.

Í drögum að sóknaráætlun Reykjavíkur er sagt að skipulagsmál í Reykjavík skuli hvíla á vönduðu ferli þar sem langtímasjónarmið og heilðræn sýn skuli höfð að leiðarljósi og ríkari áherslu skuli leggja á samráð og aðild íbúa á öllum stigum. Þessi sjónarmið birtast skýrt í starfsáætlun skipulags- og byggingarsviðs fyrir árið 2010 þar sem gerð aðalskipulags og í framhaldi hverfaskipulags eru meginverkefni. Í aðalskipulagi er eitt af helstu umfjöllunarefnum þétting byggðar og hvernig sú stefna birtist í hinu manngerða umhverfi. Þéttingu og blöndun byggðar þarf að skoða út frá hagrænum sjónarmiðum ekki síður en umhverfisvænum því með þéttingu byggðar eru innviðir og samgöngukerfi

borgarinnar nýtt betur. Samráð við borgarbúa á að vera leiðarljós í allri skipulagsvinnu enda forsenda þess að sátt verði um skipulagsmál borgarinnar. Á vettvangi sviðsins hefur jafnframt verið unnið að metnaðarfullri gæðastefnu í skipulagsmálum. Sviðinu er, eins og öðrum svokölluðum hörðum sviðum, gert að hagræða um 9% og er meginhagræðingu náð með lækkun almenns rekstrarkostnaðar og ekki verður ráðið í störf sem losna. Ennfremur verður verulega dregið úr aðkeyptri sérfræðivinnu.

Miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar er að finna í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi. Hlutverk hennar er að búa í haginn fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar, fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd verkefna sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Hagræðingu á skrifstofum í ráðhúsi er meðal annars mætt með frestun á ráðningu stafsmanna, lækkun á verkefnatengdum liðum, sparnaði í síma- og fjarskiptagjöldum, búnaðarkaupum og funda- og starfsmannakostnaði. Kostnaður við aðkeypta lögfræðiþjónustu og kannanir hefur verið lækkaður, sem og kostnaður við prentun og póstburð en aukning er á notkun rafrænna greiðsluseðla vegna fasteignaskatts og rafrænna launaseðla. Hagræðing hefur náðst í upplýsingatæknimálum vegna sameiningar upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar og mennta- og leikskólasviðs á árinu. Sameiningin tókst afar vel og eiga stjórnendur og starfsmenn þakkir skildar fyrir fagleg og fumlaus vinnubrögð.

Forseti, fyrirtækin í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar gegna öll mikilvægu hlutverki í því sem við köllum almannaþjónustu og nægir þar að nefna Slökkviliðið, Orkuveituna og Strætó borgarstjórn. Líkt og stofnanir borgarinnar finna fyrirtækin mörg hver fyrir vaxandi rekstarálagi. Megintekjulind fyrirtækjanna eru þjónustugjöldin og þau hafa í mörgum tilvikum dregist saman vegna breyttrar eftirspurnar. Gjaldskrár þessara fyrirtækja verða ekki hækkaðar á næsta ári í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð var með aðgerðaáætlun borgarstjórnar. Þetta leggur kröfu á fyrirtækin um mikla hagræðingu og ráðdeild í rekstri. Til viðbótar þessu hefur verið óskað eftir því að fyrirtækin Faxaflóahafnir, Malbikunarstöðin og Orkuveitan skili borgarsjóði sérstöku afgangi til að taka þátt

Í því að verja grunnþjónustu borgarinnar. Fyrirtækin hafa þegar fallist á þessar óskir, utan Orkuveitu Reykjavíkur sem gerir ekki ágreining um réttmæti kröfunnar um aukið afgang, en hefur óskað eftir tímabundnum fresti til að verða við henni. Þrátt fyrir að Orkuveitan sé eitt af flaggskipum íslensks atvinnulífs og viðurkennt víða um heim á sínu sviði glímur það við tímabundna rekstrarerfiðleika vegna ástands á lánamörkuðum og stöðu íslensku krónunnar. En nýleg ákvörðun Evrópska fjárfestingarbankans um að standa við fyrra lánsloforð og lána Orkuveitunni 30 milljarða til verkefna á vegum fyrirtækisins sýnir trú bankans á rekstri og fjárfestingum Orkuveitu Reykjavíkur. Sjóðsstreymi fyrirtækisins er viðunandi þrátt fyrir núverandi aðstæður og fyrirtækið stendur fyrir mannaflsfrækum framkvæmdum sem skipta miklu fyrir atvinnustigið þegar flestir aðrir, eða margir aðrir að minnsta kosti, hafa dregið úr eða hætt við framkvæmdir. Að fordæmi Reykjavíkurborgar var starfsfólk Orkuveitunnar virkjað í hugmyndavinnu við hagræðingu og er áætlað að átaksverkefnið skili 400 milljóna króna sparnaði árið 2010.

Ný lagaákvæði munu taka gildi fyrir næstu áramót þar sem kveðið er á um skyldu fyrirtækja sem njóta ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga að greiða eigendum sínum hæfilegt ábyrgðargjald sem tekur mið af því hagræði sem fyrirtækin njóta í vaxtakjörum vegna ábyrgðarinnar. Þetta getur leitt til talsvert mikillar hækkunar ábyrgðargjaldsins. Orkuveitan mun samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun skila Reykjavíkurborg um 790 milljónum króna á næsta ári vegna áætlaðrar hækkunar ábyrgðargjaldsins. Það er auðvitað umtalsvert viðbótarframlag. Þannig mun Orkuveitan í heild skila miklum fjárhæðum eða um 1,5 milljörðum króna á næsta ári til borgarinnar. Í ljósi þess og aðhaldsaðgerða fyrirtækisins en ekki síður vegna óhagstæðs gengis og lánamarkaða er eðlilegt að verða við óskum fyrirtækisins um frestun á greiðslu herra afgang.

Félagsbústaðir munu vinna áfram að endurbótum og viðhaldi á íbúðum á árinu 2010. Fyrirtækið áformar þó að verja minni fjármunum til slíkra verkefna en áður þar sem afar vel hefur verið staðið að viðhaldsverkefnum á undanförunum árum. Dregið hefur úr þörf á fjölgun íbúða hjá Félagsbústöðum þar sem framboð á leiguhúsnaði hefur aukist á almennum markaði.

Faxaflóahafnir hafa glímt við versnandi afkomu vegna efnahagsástandsins þar sem megin tekjustofnar ráðast af vöruflutningum í höfnum fyrirtækisins sem hafa dregist mjög mikið saman. Þá er ljóst að eignasala verður lítil þar sem lóðaeftirspurn er nær engin. Þrátt fyrir þetta eru Faxaflóahafnir fjárhagslega sterkt fyrirtæki.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stendur frammi fyrir uppsögn Flugstoða á samningi vegna Reykjavíkurlugvallar sem tekur gildi innan tíðar og felur í sér umtalsverða lækkun tekna. Þá rennur samningur um sjúkraflutninga fyrir ríkið út í árslok og óvissa ríkir um framhaldið. Í ljósi þessara aðstæðna verður frestun á því að taka í gagnið nýja slökkvistöð í Mosfellsbæ á næsta ári sem hefur áhrif á gæði þjónustunnar. Þrátt fyrir ofangreindar ógnanir er það leiðarljós slökkviliðsins að tryggja nauðsynlega grunnþjónustu og öryggisþætti.

Sorpa hefur verið að vinna að tillögum um framtíðarlausnir í úrgangsmálum í samræmi við „svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs“ sem staðfest hefur verið af 34 sveitarfélögum á suðvesturhluta landsins. Ljóst er að nýjar lausnir í úrgangsmálum krefjast fjárfestinga, en leitað er allra leiða til þess að tryggja að heildarkostnaður við málaflokkinn hækki sem minnst. Mikilvægt er að umræða og stefnumótun um þessi mál fari fram á vettvangi umhverfis- og samgönguráðs.

Strætó hefur um árabil átt við mikinn rekstarvanda að glíma eins og neikvætt eigið fé fyrirtækisins í ársreikningi 2008 gaf skýrt til kynna. Á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að kanna hvort og þá með hvaða hætti væri skynsamlegt að endurfjármagna Strætó og skapa fyrirtækinu þannig nýjan rekstrargrundvöll. Tillögur lágu fyrir um þetta efni í vor. Reykjavíkurborg óskaði eftir því að eigendasamkomulag yrði endurskoðað sem og samþykktir félagsins. Þetta verkefni hefur því miður tekið lengri tíma en ætlað var og mun frestast fram yfir mitt næsta ár. Góðu tíðindin eru þau að á þessu ári hefur orðið talsverður viðsnúningur í rekstri fyrirtækisins sem rekja má til mikils aðhalds og eftirlits. Í fjárhagsáætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir að tekjur af fargjöldum muni aukast milli ára um liðlega 3% vegna fjölgunar farþega, bættrar markaðssetningar og aukins fargjaldaeftirlits. Engin ákvörðun hefur hins vegar verið tekin í stjórn Strætó um hækkun fargjalda enda er samstaða um það hér á vettvangi borgarstjórnar að hækka þau ekki.

Helsta verkefni Bílastæðasjóðs á árinu 2010 tengist uppbyggingu bílastæðahúss í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu, en þar er áformað að fjárfesta fyrir um 160 milljónir. Ennfremur er áformað að lagfæra miðlæg upplýsingakerfi.

Hjá Malbikunarstöðinni Höfða eru engin teikn á lofti um að rekstrarskilyrði árið 2010 verði betri en árið 2009 og ýmislegt bendir til að þau verði jafnvel lakari vegna minna framboðs af verkefnum. Megináherslur fyrirtækisins verða fólgnar í því að verja hag þess og áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störfin.

Forseti, borgarfulltrúar. Fyrirtæki í B-hluta samstæðu borgarinnar eru mjög mikilvæg fyrir þá almannþjónustu sem borgin veitir. Nauðsynlegt er að borgarstjórn móti sér eigendastefnu um rekstur þeirra og starfsskilyrði og hafi virkt eftirlit með starfsemi. Hluti af því er að rýna vel fjárhagsáætlanir og uppgjör fyrirtækjanna og meta reglubundið áhættuna í starfsemi þeirra. Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að framkvæma áhættumat á þeirri áhættu sem A-hluta stafar af B-hluta fyrirtækjum vegna ábyrgðar á lánum þeirra. Þessi ákvörðun var ekki síst tekin vegna þeirrar skuldsetningar sem Orkuveitan er komin í vegna stöðu gengis íslensku krónunnar.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar markar umgjörðina um þá miklu þjónustu og það öfluga starf sem fram fer á vettvangi höfuðborgarinnar á hverjum degi allt árið um kring. Það frumvarp sem hér er lagt fram er afrakstur víðtækrar vinnu kjörinna fulltrúa, stjórnenda og starfsmanna Reykjavíkurborgar undanfarna mánuði og vikur. Fjárhagsáætlunin er nú í annað sinn lögð fram eftir samráð aðgerðahóps borgarráðs sem, eins og áður sagði, er skipaður fulltrúum meirihluta og minnihluta á grundvelli aðgerðaáætlunar borgarstjórnar frá 7. október 2008. Aftur nota ég tækifærið til að þakka félögum mínum í aðgerðahópnum mjög mikla og góða vinnu og það er þannig að þrátt fyrir að við séum sannarlega ekki sammála um allt erum við sammála um afar margt og afraksturinn er því eign okkar allra. Og sérstaklega vil ég þakka Óskari Bergssyni sem hefur leitt þetta starf, formaður borgarráðs.

Leiðarljós aðgerðaáætlunar, sem við sammæltumst um hér í október 2008 er að standa vörð um grunnþjónustu, störf og gjaldskrár. Okkur hefur tekist vel að stýra

Þessari geysimikilvægu þjónustustofnun í gegnum ólgusjó þessa árs og með þessu frumvarpi leggjum við grunn að því að svo verði áfram á næsta ári, þrátt fyrir að erfiðleikar og óvissa séu alls ekki að baki. Auðvitað verðum við að halda áfram vöku okkar, fylgjast vel með rekstri og þjónustu og bregðast við eftir þörfum. Það eru enn blikur á lofti í atvinnumálum. Skattahækkunar ríkisstjórnarinnar geta lagst þungt á fyrirtæki og heimili á næsta ári og ekki er séð fyrir endann á áhrifum þeirra á möguleika fólks til að standa við skuldbindingar sínar og að láta enda ná saman, hvað þá að koma hjólum efnahagslífsins til að snúast hraðar. Lendi fleiri fjölskyldur í vanda vegna erfiðra fjárhagsaðstæðna mun það hafa áhrif víða inn í okkar góða þjónustukerfi.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Reykjavíkurborg hefur tekið á sínum málum af mikilli skynsemi og festu. Eins og ítrekað hefur komið fram í þessari ræðu er í frumvarpi að fjárhagsáætlun lögð áhersla á aðhald og hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri, en forgangsraðað í þágu barna og velferðar. Það tókst sérstaklega vel á lokametrum þessarar fjárhagsáætlunargerðar að nýta allt það auka fjármagn sem til staðar var í þágu þess. Megináhersla hefur verið lögð á að ná árangri án þess að hækka álögur á íbúa. Þannig verða skattar ekki hækkaðir og engar gjaldskrár fyrir grunnþjónustu eru hækkaðar. Við höfum reynt að halda áfram að horfa til framtíðar, þrátt fyrir tímabundna erfiðleika nútíðar, og við höfum leitað eftir hugmyndum um það hvert borgarbúar vilja að borgin þeirra stefni til næstu 5 til 10 ára. Um leið og við horfum til þess að verja fjárhag og þjónustu næsta árs þurfum við alltaf að hafa í huga hvað það er sem tryggir best að Reykjavík verði í forystu hvað varðar lífsgæði fyrir íbúa og verði ávallt fyrsti valkostur fólks og fyrirtækja í þessu landi.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. „Hjálparstofnanir eru yndislegar“. Þannig fórst formanni velferðarráðs, Jórunni Frímansdóttur, úr hendi að útskýra það fyrir sjónvarpsáhorfendum klukkan tíu í gærkvöldi, hvernig það mætti vera að allar hjálparstofnanir eru fullar af fólki og Reykjavíkurborg er með lægstu grunnframfærslu allra sveitarfélaga og hefur ekki hugsað sér að hækka hana, hvorki miðað við verðlag né miðað við breytingar á lágmarkstryggingu lífeyris eins og ríkisstjórnin hefur gert, né heldur hækkun lágmarkslauna eins og farið hefur fram á vinnumarkaði.

Með leyfi forseta:

„Jórunn Frímansdóttir, formaður velferðarráðs í Reykjavík, segir það vera yndislegt til þess að hugsa að hjálparstofnanir komi fátækum til hjálpar nú fyrir jólin. Hún getur ekki gert grein fyrir því hvers vegna borgin komi ekki þessum hópi fólks til hjálpar. Eins og greint var frá í fréttum okkar í gærkvöld er framfærslustyrkurinn lægstur í Reykjavík, 115 þúsund krónur á mánuði, og til að fá desemberuppbót, þarf fólk að hafa dregið fram lífið á þeirri upphæð í lágmark sex mánuði til að fá tæpar þrjátíu þúsund krónur í jólaglaðning. Ekkert tillit er tekið til þess hvort börn eru á heimilinu. Jórunn Frímansdóttir segir ekki vita hvers vegna viðmiðið sé sex mánuðir en sama viðmið sé um langtímaatvinnuleysi. En þætti henni ekki eðlilegt að fólk með þetta lágar tekjur fengi jólaglaðning frá borginni? Jórunn segir að reglurnar séu svona, þær séu skýrar og gagnsæjar. Þó nokkuð mörg dæmi eru um að sveitarfélög í landinu veiti barnafjölskyldum sérstakan jólastyrk sem eyrnamerkur er hverju og einu barni. Hvers vegna gerir Reykjavík þetta ekki? Jórunn segist ekki vita hvers vegna. Aldrei hafa biðraðirnar verið lengri hjá hjálparstofnunum sem deila vikulega út mat til fátækra borgarbúa. Er velferðarkerfi borgarinnar að bregðast þessu fólki? Jórunn segir yndislegt að vita til þess að til sé fólk sem er tilbúið til að aðstoða þá sem þurfi að leita til hjálparstofnana.“

Tilvitnun lýkur. Þessi frétt birtist svona orðrétt á vef Ríkisútvarpsins. Hún fjallar um það hvaða pólitík á að vera ofan á í viðbrögðum við kreppu. Hún fjallar um það hvert hlutverk sveitarfélaga er í samfélaginu, ekki bara í kreppu heldur

síðastliðin mörg hundruð ár. Hún fjallar um það hvernig við eigum eða eigum ekki, ætlum eða ætlum ekki að forgangsraða fjármunum Reykjavíkurborgar, tæplega 60 milljörðum, á næsta ári. En hún fjallar líka um þau átök og þann slag sem staðið hefur yfir um forgangsroðun fjármuna í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar frá því að hrúnið varð. Hún fjallar um það að vera í tengslum við borgarbúa og þau kjör sem þeir búa við. Að vera í tengslum við borgarbúa og þá þjónustu sem þeir treysta á. Að vera í tengslum við lífið í borginni og það sem þar er að gerast. Þetta viðtal, þessi stefna, þessi orð formanns velferðarráðs, bera vott um algjöra firringu en er kannski fyrsta andlit þeirra átaka, eins af þeim deilumálum sem verið hefur undir þagnareið núna þar til fjárhagsáætlun er lögð fram, það er að segja álitaefnið um það hvort það sé réttlætanlegt við núverandi aðstæður að frysta lágmarksframléiðslu þeirra sem minnst bera úr bítum í borginni, þeirra sem þurfa að treysta á fjárhagsaðstoð vegna þess að þeir hafa ekki neitt annað í 115.000 krónum á mánuði, 115.000 krónum á mánuði. Eða hvort þessa lágu upphæð eigi að hækka, ekki þannig að hún verði há heldur til þess að hún fylgi verðbólgu, til þess að hún fylgi lægstu launum, til þess að hún haldi eitthvað, til þess að hún haldi eitthvað í þau kjör sem aðrir búa við. Oft þrengri og krappari en áður en þetta er sá hópur sem verst stendur.

Borgarstjóra, sem ég vil þakka fyrir ýmislegt í ræðu sinni, var þó líka tíðrætt, eða að minnsta kosti minntist á, lærdóma kreppunnar. Í mínum huga eru lærdómar kreppu ekki bara hér heldur annarsstaðar þar sem samfélög hafa gengið í gegnum hrún einkum þrenns konar. Það þarf sérstaklega að huga að hópum sem eru á jaðrinum, sem eiga undir högg að sækja fyrir kreppu, í gegnum hana og eftir hana. Við þurfum að standa vörð um velferðina. Við þurfum sérstaklega að huga að börnum. Öllum börnum en sérstaklega þeim börnum sem standa höllum fæti. Sem koma frá heimilum sem eiga úr vöndu að ráða sem við sem sveitarfélag, við sem stjórnámálameinn og við sem manneskjur í þessu samfélagi, þurfum að tryggja að hafi jöfn tækifæri til framtíðar. Þar erum við ekki bara að glíma við afleiðingar hruns og efnahagsstjórnar síðustu 18 ára. Þar erum við líka að glíma við það að í þessu samfélagi hefur ójöfnuður fengið að þróast hraðar en í nokkru öðru landi vestur Evrópu, nokkru öðru OECD landi á síðasta rúma áratug. Og í þriðja lagi þurfum við að standa vörð um störfin, vinnuna og atvinnulífið. Undirstöður

verðmætasköpunarinnar, undirstöðu teknanna þannig að við stöndum þetta af okkur og höfum meira til skiptana.

En grundvallaratriðið undir öllu þessu hlýtur að vera fyrir íslenskt samfélag að nú þarf að eiga sér stað endurmat. Nú þarf tími uppgjörins að fara fram, uppgjörins við þá hugmyndafræði sem kom okkur í þessa stöðu. Og hvaða kafli í ræðu borgarstjóra fjallaði um það? Sá kafli var ekki í ræðu borgarstjóra. Borgarstjóri var eins og sjúklingur sem nýstíginn er upp af skurðarborði eftir erfiða aðgerð sem þó var nauðsynleg vegna mikils vanda og sjúkdóms og efst í huga borgarstjóra var að skammast út í skurðlækninn, skammast út í stingina út frá saumunum og þá erfiðleika sem kreppan og hrunið hefur fært með sér. Ekki uppgjör við 18 ára stjórnarstefnu eða þá hugmyndafræði sem leiddi okkur í þessa aðstöðu. Nei. Það voru skeytin sem voru send á þá sem núna glíma við það að ná saman fjárhag ríkisins sem hrundi með tekjum samfélagsins, með bönkunum og með hruninu sem leiddi af þeirri hugmyndafræði sem hér hefur verið rekin.

Ég get einfaldlega ekki orða bundist. Ég get ekki orða bundist að borgarstjórinn í Reykjavík sem var í innsta hring þeirrar forystu sem leiddi landið í þessar ógöngur, aðstoðarframkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og þar áður starfsmaður þingflokks sjálfstæðismanna, hægri hönd Kjartans Gunnarssonar í mörg mörg ár í gegnum einkavæðingu bankanna, þar sem Kjartan, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, var varaformaður bankaráðs Landsbankans, fyrir og eftir það sem forysta Sjálfstæðisflokksins afhenti þessa banka, afhenti þessa banka í ótrúlegri einkavæðingu sem við erum ennþá að bíta úr nálinni, en uppgjör borgarstjórans í Reykjavík er ekki við þessa fortíð, ekki við það sem kom okkur í hrunið, nei. Það er við þá sem eru við erfiðar aðstæður að taka einhverjar erfiðustu og óvinsælustu ákvarðanir lýðveldissögunnar til að hreinsa upp skítinn. Til að hreinsa upp skítinn.

Og ég þakka góð orð í okkar garð sem höfum staðið vaktina hér um velferðina, um skólana, um börnin, við mjög erfiðar aðstæður, og hér er sagt að það starf hafi staðið nótt og dag, sem eru nú nokkrar ýkjur. En ég verð að viðurkenna að þetta hafa verið margir fundir og ég man bara ekki eftir því eitt einasta skipti að það hafi örlað á því hjá nokkrum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins seint eða snemma, í umræðu í borgarstjórn, inni á öðrum fundum, að Sjálfstæðisflokkurinn sé einu

sinni byrjaður að ætla að læra af því sem hér hefur gerst. Nei, hvaða möntru á að fara með? Hvaða möntru á að fara með? Að niðurskurður ríkisins, þær sársaukafullu ákvarðanir sem þar á að taka, meðal annars í skattamálum, sé vandamálið sem íslensk þjóð og atvinnulíf standi frammi fyrir. En ekki hrunið, ekki hugmyndafræðin, ekki ábyrgð þeirra sem hér stýrðu málum í 18 ár. Ekkert af þessu. Þess vegna á þetta alls ekkert að vera á dagskrá núna frekar en þeir erfiðleikar og vandi sem Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir eins og allir aðrir í þessum erfiðu aðstæðum. Hér á að mála fallegu myndina, ýta vandanum fram yfir kosningar og láta eins og allt sé í himnalagi á meðan.

Það er það ekki. Þetta er mjög erfitt og ég verð að segja það að einn meginstyrkur þessa samfélags eru sterk sveitarfélög. Einn meginstyrkur þessarar borgar er starfsfólkið sem hún hefur yfir að búa. Einn meginstyrkur þeirrar vinnu sem hér hefur farið fram frá hruni, fyrir hrun, og raunar alveg frá því að efnahagslegur grunnur þessarar borgar var endurbyggður eftir ömurlegan viðskilnað Sjálfstæðisflokksins 1994 eftir síðustu kreppu, þegar skuldir borgarinnar höfðu aukist úr einum milljarði í 16 á fjórum árum, sem voru gríðarlegir peningar á þess tíma mælikvarða, en félagshyggjustjórn, ábyrgari félagshyggjustjórn tókst að rétta við þann kúrs og byggja upp þjónustuna um leið, og byggja upp leikskólana um leið, og byggja upp grunnskólana um leið. Og búa hér til miklu þéttara, traustara velferðarnet sem virti fólk. Sem þurfti ekki að enda sjónvarpsfréttirnar á því að þakka fyrir og hrósa happi því hjálparstofnanir eru yndislegar.

Félagshyggja við stjórn borgarinnar hefur aldrei verið brýnni en nú. Það er stundum sagt að hornsteinar jafnaðarstefnunnar séu þrjár: atvinna, velferð og menntun. Áhersla á þessa þrjá málaflokka hefur aldrei verið mikilvægari. Þörfin fyrir stjórn jafnaðarmanna í sveitarfélögum þegar að kreppir hefur aldrei verið meiri. Það má segja að alþjóðahreyfing jafnaðarmanna hafi vaxið og orðið til í markvissum, gegnumhugsuðum og framsýnum viðbrögðum við kreppunni miklu á þriðja áratugnum. Vegna þess að það sem að alþjóðahreyfing jafnaðarmanna skildi var að kostnaðurinn af því að láta allt fara til helvítis áður en samfélagið byggist upp er gríðarlegur. Er gríðarlegur. Þessa kjarnaáherslu á atvinnumálin, þessa kjarnaáherslu á það að hugsa fram og huga að sóknarfærunum, hefur Samfylkingin haldið á lofti hér í sölum borgarstjórnar eins og við stjórn landsins,

þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Í byrjun nóvember, á síðasta ári, lagði Samfylkingin til að Reykjavíkurborg efndi til samvinnu og samráðs við mótun nýrrar atvinnustefnu og stuðning við sóknarfæri Reykjavíkur til framtíðar. Það átti að vinna með ríkisstjórn og ráðuneytum, það átti að vinna með viðsemjendum á vinnumarkaði. Það átti að vinna með samtökum í atvinnulífi, háskólunum, stærstu vinnustöðunum, það átti að horfa fram, kortleggja þau tækifæri sem við ættum í auðu og óseldu húsnæði, það átti að efna til víðtækrar stefnumótunar og huga að því hvernig ferðamannaborgin Reykjavík getur nýst okkur út úr kreppunni. Hvernig hafnarborgin Reykjavík getur nýst okkur út úr kreppunni. Hvernig heilsuborgin getur nýst okkur, hvernig kvikmyndaborgin getur nýst okkur, menningarborgin, orkuborgin, skólaborgin, tónlistarborgin, verslunarborgin, þekkingarborgin og þjónustuborgin Reykjavík.

Þetta voru áherslur sem voru dregnar fram hér strax eftir hrun. Þetta var tillaga sem var vísað hér í eina nefnd af annarri. Þetta var tillaga sem liggur ennþá þar. Nánast óhreyfð. Því miður. Því sóknarfærin þarf að nýta, framtíðartrúna þarf að efla og við þurfum að draga upp mynd af því í hvernig borg við ætlum að búa og hvernig við getum komið okkur sjálfum, fólkinu sem hér býr og þessu samfélagi, úr því ástandi sem nú er við að glíma og það er líka reynslan annars staðar að borgir eru afl þess sem gera þarf út úr kreppu. En félagshyggja og jafnaðarstefna við núverandi aðstæður endurspeglar þó ekki síður hvernig áherslur á að leggja við stjórn borgarinnar og hvernig henni á að stjórna, ekki bara í kreppu heldur alltaf.

Og þetta eru okkar leiðarljós: Við teljum að þjónusta borgarinnar eigi að fara fram sem mest úti í hverfunum. Þar eigi að vera öflugar þjónustumiðstöðvar, bókasöfn, sundlaugar og skólar og útivistaraðstaða sem eru samastaðir fyrir unga og aldna og hverfistengdar samkomur. Hverfin eru hjartað í samfélaginu. Við viljum öflugra samtal við íbúa og eflingu íbúalýðræðis og viljum efla hverfaráðin sem lifandi vettvangur fyrir umræðu um hagsmunamál hverfanna. Við viljum leggja áherslu á mannauð og framsækna starfsmannastefnu og teljum það raunar vera lykil að góðri þjónustu borgarinnar, bæði í vörn og sókn. Við teljum að borginni eigi að stjórna með félagshyggjumarkmið að leiðarljósi. Allir eiga og þurfa að fá jöfn tækifæri. Við viljum að Reykjavík sé í senn nútímaleg, lýðræðisleg, fjölskylduvæn og fjölbreytt borg sem við getum við stolt af.

Og hvaða pólitík felst í þessum áherslum? Jú, þetta er pólitík og áherslu á sterk hverfi, fjárfestingu í fólki, mannauði. Pólitík félagshyggjufólks leggur þannig áherslu á almannajónustu, pólitík félagshyggjufólks er opin gagnvart lausnum sem gagnast við faglegan og sveigjanlegan rekstur, leggur áherslu á gott umhverfi og velferð þar sem enginn er skilinn eftir. Þessi pólitík er ekki sérhagsmunapot, hún er ekki valdabrölt, hún er ekki stökkpallur yfir í eitthvað annað, hún er ekki hugsjónakredda, hún er einfaldlega, það sem við getum sagt, pólitík hins daglega lífs. Þetta er pólitík með hjartað á réttum stað. Þetta er pólitíkin sem Samfylkingin vill reka í Reykjavík.

Samfylkingin hefur lagt gríðarlega áherslu á ábyrga þátttöku í stjórnun borgarinnar og fagnaði því raunar þegar borgarstjórn sameinaðist um félagslegar áherslur sem viðbrögð við hruninu með samþykkt svokallaðrar aðgerðaáætlunar fyrir ári síðan. Fulltrúar Samfylkingar og minnihlutans í borgarstjórn stóðu að undirbúningi og samþykkt hennar en eins og komið hefur fram var hún sett fram til að bregðast við því ástandi sem nú er uppi í efnahags-, atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar. Þótt að minnihlutinn hafi gagnrýnt athafnaleysi Sjálfstæðisflokksins við stjórn borgarinnar í aðdraganda hrunsins, og í ýmsum eignum einnig í eftirleik þess, þá er það staðreynd í okkar huga að sá vandi sem höfuðborgin stendur frammi fyrir er umfangsmeiri en svo, og við töldum einfaldlega að ástand efnahagsmála, minnkandi tekjur og aukinn kostnaður kallaði á samstarf um brýnustu úrlausnarefnin þvert á flokka. Lykillinn að stuðningi minnihlutans við aðgerðaáætlunina var að fallist var á að gjaldskrár yrðu óbreyttar, staðinn yrði vörður um störf, aðgerðir í húsnæðismálum yrðu undirbúnar og að forgangsraðað yrði í þágu velferðar, grunnþjónustu og fjölskyldna í borginni. Í aðgerðaáætluninni fólst jafnframt að þessar áherslur yrðu rauður þráður við undirbúning fjárhagsáætlunar 2009 og jafnframt var gert ráð fyrir að minnihlutinn ætti fulla aðild að samráði og viðræðum Reykjavíkurborgar við ríkisstjórn, sveitarfélög og viðsemjendur á vinnumarkaði til að fylgja þessari áætlun eftir.

Það er raunar áhugavert að velja þessari ábyrgu nálgun minnihluta borgarstjórnar fyrir sér og bera hana saman við stjórnarandstöðuna á þingi, til dæmis þessa dagana, þar sem stjórnarandstaðan leggur allt kapp og metnað í að þvælast fyrir endurreisninni, raunar svo mjög og svo lengi að þegar hefur gríðarlegur skaði

hlotist af og hann getur orðið miklu meiri. Nú, eða við getum borið þetta saman við framgöngu Sjálfstæðisflokksins hér í borgarstjórn, til dæmis á síðasta kjörtímabili þegar Sjálfstæðisflokknum var boðið sæti í sambærilegri sparnaðarnefnd sem hann afþakkaði og hafnaði þannig að axla ábyrgð á einhverri eðlilegri hagræðingu. Og Sjálfstæðisflokkurinn felldi raunar tillögu um að sett yrði á fót slík pólitísk sparnaðarnefnd við afgreiðslu fyrstu fjárhagsáætlunar þessa kjörtímabils með stuðningi Framsóknarflokksins.

Eða við getum nefnt ruglið í Reykjavík þar sem Sjálfstæðisflokkurinn lét sér sæma að setja sjálfan borgarstjórastólinn á uppboð, gera Ólaf F. Magnússon borgarfulltrúa að ginningarfífla og hrækja honum svo eins og sagt er. Það verður auðvitað lengi í minnum haft sem einhver ljótasti leikur í íslenskum stjórnámálum, óverjandi framganga fólks sem sveifst einskis fyrir völd en líka mannlegan harmleik, sem við vorum og að sumu leyti erum ennþá vitni að því það er augljóst af öllu að ýmislegt í þessu er ennþá óuppgert. Og manni er stundum spurn: hvernig er eiginlega að lifa með þessu?

En ég held að það sé fullt tilefni til þess að fara yfir aðgerðaáætlun borgarstjórnar eins og hún var samþykkt hér í þessum sölum fyrir ári síðan. Í fyrsta lagi leiðarljósið, meginmarkmið Reykjavíkurborgar við þær aðstæður sem nú eru uppi: ábyrga fjármálastjórn, stöðugleika í rekstri og trygging öflugrar grunnþjónustu fyrir íbúa. Þessi markmið verða áfram leiðarljós Samfylkingarinnar við fjármálastjórn borgarinnar. Og Samfylkingin vinnur að gerð langtímaáætlunar um það hvernig borgin komist út úr kreppunni og mun ekki styðja, frekar en ríkisstjórnin, hækkun útsvars í Reykjavík á meðan á þessum þrengingum stendur. Í öðru lagi kvað aðgerðaáætlun borgarstjórnar á um samráð um það að starfshópur borgarstjórnar myndi hafa náið samráð við ríkisstjórn, önnur sveitarfélög, stéttarfélög starfsfólks og aðra viðsemjendur á vinnumarkaði. Í stuttu máli, á því ári sem liðið er frá samþykkt aðgerðaáætlunar hefur borgarstjóri og meirihlutinn ekki kallað neinn þessara aðila á fund aðgerðahóps þrátt fyrir beiðnir þar um og ýmis tilefni.

Í þriðja lagi að þrengri fjárhagsstöðu verði ekki mætt með hækkun á gjaldskrá eða samdrátt á grunnþjónustu. Þetta brást strax við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 þegar gjaldskrár þeirra sem nýta sér fulla 9 tíma á leikskólum

borgarinnar voru hækkaðar um 50% og raunar á einstaka hópa um allt að 63%, þvert á yfirlýsingu aðgerðaáætlunar. Og borgarstjóri varð raunar tvísaga í fjölmiðlum. En eftir þá snerru sem um þetta var tekin virðist hafa tekist að standa vörð um þetta atriði í meginatriðum hjá stofnunum og starfsemi borgarinnar þó að athygli veki að nú er farið að tala um gildi aðgerðaáætlunar í orðalagi meirihlutans: út kjörtímabilið og augljóslega sé gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum í starfs- og fjárhagsáætlunum ýmissa byggðasamlaga og spurning hvort þær séu líka undirliggjandi hjá fyrirtækjum borgarinnar og hvort að uppi séu áform í meirihlutanum um frekari ákvarðanir sama eðlis á sviði borgarinnar og myndi ég gjarnan vilja fá skýr svör við því hér í seinni umræðu.

Það er að segja að Strætó bs. gerir ráð fyrir 8% hækkun á gjaldskrá frá 1. júní 2010, sem mér telst til að sé tveimur dögum eftir sveitarstjórnarkosningar, þó að það sé að sjálfsgöðu tilviljun. Félagsbústaðir þarfnast 10% hækkunar á leigu en beina tillögu í því efni er ekki að finna í fjárhagsáætlun Félagsbústaða. Faxaflóahafnir gera þegar í stað ráð fyrir hækkun á innflutningsgjöldum og öðrum gjaldskráum. Hjá Orkuveitunni er undirliggjandi þörf fyrir gjaldskrárhækkunir ef arðgreiðslum hefur einungis verið frestað, eins og fram kom í máli borgarstjóra og þarfnast það miklu betri skýringa og spurning er líka um Bílastæðasjóð og Sorpu.

Í fjórða lagi kvað aðgerðaáætlun um að engin áform væru um uppsagnir starfsfólks, en dregið yrði úr kostnaði og nýráðningum í stjórnarsýslu borgarinnar. Þetta fyrirheit breyttist í meðförum að segja má og um mitt vor þegar kom í ljós að verið var að segja upp lausráðnu starfsfólki og leiðbeinendum í grunnskólum í stórum stíl, lýsti borgarstjóri því yfir að þetta fyrirheit, varðstaða um störf, gildi fyrst og fremst um fastráðna. Í kjölfarið var birt yfirlit yfir fjölda lausráðinna starfsmanna borgarinnar og þeir skipta mörgum hundruðum. Einkum á einstaka sviði í rekstrinum eins og hjá ÍTR og það er spurning sem ég vil beina til borgarstjóra fyrir seinni umræðu hvort að hægt sé að vera skýrari varðandi þessi mál því að það er ljóst að mörg hundruð manns eða öllu heldur 1.182 létu af störfum hjá borginni frá janúar til september, þar af 850 lausráðnir og 332 fastráðnir. 944 starfsmenn voru ráðnir á sama tíma. Þar af 804 tímabundið en 140 ótímabundið. Það hefur verið óskað eftir skiptingu þessa starfsfólks eftir málaflokkum. Hún liggur ekki ennþá fyrir en mikilvægt að gefa starfsfólki, bæði

fastráðnu og lausráðnu, skýr skilaboð því að það var jú markmið aðgerðaáætlunarinnar að stuðla að ákveðinni ró og festu við stjórn borgarinnar.

Í fimmta lagi, kvað aðgerðaáætlunin á um það að leitast við að tryggja fjármögnun fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og forgangsraða þeim að verkefni myndu bíða sem myndu kalla á aukinn rekstrarkostnað, en reyna að beina fjárhæðum inn í framkvæmdir sem ýttu undir atvinnustig. Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir mikinn tillöguflutning verður ekki séð að framkvæmdaáætlun hafi breyst svo nokkru nemi og hvergi í borgarrekstrinum er raunar meiri eða brattari niðurskurður en á viðhaldsliðum þar sem mannaflsfrekustu framkvæmdirnar eru. Í sjötta lagi kvað aðgerðaáætlun á um það að haldið verði áfram viðræðum við ríkisvaldið um framkvæmdaáætlanir vegna brýnna samgönguverkefna og ég hef ekki séð að þær hafi verið sérlega áberandi á dagskrá, að minnsta kosti ekki aðgerðahóps né nokkurra annarra svo heitið getur.

Nú, þá var kveðið á um sölu eigna sem ýmsum þótti óraunhæft og kom það í ljós, enda var eignasalan neikvæð, það er að segja eignum var skilað í meira mæli til borgarinnar heldur en selt var á þessu ári. Þá er ógetið 8. liðar um leiðir til að efla almennan og félagslegan leigumarkað. Engin vinna hefur farið fram á þessu sviði, þrátt fyrir fyrirspurnir þar um og raunar var fjárhæð sem ætlað var til sérstakra aðgerða í húsnæðismálum ekki nýttur á fjárhagsáætlun borgarinnar 2008 og sá liður var ekki framlengdur á árinu 2009.

En til að rifja upp voru fyrstu forsendur eftir samþykkt aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar þær að ekkert svið borgarinnar fengi bættu verðlagsþróun á árinu 2008 né inn í ramma ársins 2009. Þessir óbreyttu rammar eða flati niðurskurður voru í fyrstu lagðir til grundvallar í sparnaði þó að raunar hafi verið bætt inn í fjárhag málaflokka vegna kjarasamninga. Málaflokkarnir skiluðu 4 milljörðum í niðurskurðartillögum. Til að brúa bilið var síðan gert ráð fyrir þessari eignasölu sem svo brást en að endingu var skilið eftir gat við afgreiðslu fjárhagsáætlunar upp á 2,5 milljarða. Í kjölfarið lagði borgarstjóri til að yfirvinna yrði skorin niður og farið yrði í launalækkun upp á 1.209 milljónir og gert ráð fyrir frekari niðurskurði upp á 1.400 milljónir að auki. Málflutningur og bókanir og tillögugerð fulltrúa Samfylkingarinnar og annarra fulltrúa minnihlutans í ráðum og nefndum borgarinnar á síðasta ári leiddu engu að síður til þess að drög

að fjárhagsáætlun tók ýmsum breytingum til hins betra. Hæst bar að ólíkt því sem nú virðist vera uppi á teningnum var grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkuð um 16,35% og kom svo hækkun útgjalda til fjárhagsaðstoðar bæði inn á almennu fjárhagsaðstoðina en líka inn á heimildagreiðslur vegna barna og skipti þetta verulegu máli. Þá var starfsemi unglingaathvarfa á Stíg og Tröð tryggð á fyrri hluta árs meðan unnar voru tillögur að framtíðarskipulagi starfseminnar og þjónustusamningar við Kvennaathvarf, Stígamót og Rauða krossinn fengju sérstakar álagsgreiðslur vegna ástands efnahagsmála. Þá voru framlög til framkvæmda vegna ferlimála fatlaðra hækkaðar um tíu milljónir.

Í skólamálum náðist það fram að dregið var úr niðurskurði til tónlistarskóla þó að hann væri raunar enn verulegur og stefnt var að því að hámarksfjárhæð skólamáltíða yrði 250 krónur og endurgjaldslausar yrðu þær fyrir þriðja systkini og þetta gekk eftir. Það tókst að verja framlög til atvinnumála ungs fólks og sá liður var hækkaður um 50 milljónir í stað þess niðurskurðar sem ráðgerður var og Nýsköpunarsjóður námsmanna verður hækkaður úr 12 milljónum í 20 milljónir í stað þess að vera skorinn niður í 0 kr. Þá var forvarna- og framfarasjóður varinn og var 50 milljónir í stað þess að vera lagður af einsog upphafleg drög gerðu ráð fyrir. Það vekur nokkra athygli að sum þessara mála endurtaka sig í fjárhagsáætlun ársins og má því búast við að hér komi fram tillögur milli umræðna um leiðréttingu þar á. Samfylkingin og minnihlutinn gerðu jafnframt fimm tillögur við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2009 vegna þeirrar óútfærðu hagræðingar sem að þá átti að fara í. Í fyrsta lagi var lagt til að borgarstjórn samþykkti að við útfærslu á sparnaði og samdrætti í yfirvinnu og öðrum launakostnaði yrðu hópar og einstaklingar með heildarlaun undir 300.000 krónum á mánuði varin. Þetta gekk eftir. Í öðru lagi að við útfærslu og mat á raunhæfni einstakra tillagna um breytingar á þjónustu og niðurskurð verði þess gætt að náð samráð verði haft við stjórnendur, stéttarfélag og aðra fulltrúa starfsfólks og notendur þjónustunnar, svo sem foreldra og forráðamenn. Það má segja að komið hafi verið til móts við þessa tillögu, að minnsta kosti með býsna umfangsmiklu samráðsverkefni með starfsfólki, þó að það hafi ekki að minnsta kosti ennþá náð til notenda þjónustunnar eða foreldra. Er það illu heilli að mínu mati en samráðið við starfsfólkið var talið af stjórnendum borgarinnar hafa skilað býsna góðum árangri þó borgarfulltrúum sem þetta starf var unnið fyrir hafi gengið býsna illa á

köflum að fá upplýsingar um hvað hafi verið lagt til þó það hafi fengist fram seint og um síðir.

Í þriðja lagi var lagt til að framkvæmdafé yrði forgangsraðað í þágu mannaflsrekra verkefna. Þetta hefur nær algjörlega brugðist, það er að segja framkvæmdaáætlun hefur breyst lítið sem ekki neitt og stórfelldur niðurskurður var bæði við endurskoðun fjárhagsáætlunar og í þeirri áætlun sem núna er lögð fyrir, stórfelldur niðurskurður til viðhaldsverkefna það er að segja, sem eru mannaflsrekustu framkvæmdirnar.

Í fjórða lagi voru lagðar til aðgerðir í atvinnumálum og félagslegur kostnaður atvinnuleysis yrði greindur alveg sérstaklega og sérstaklega væri hugað að þeim þjónustubáttum sem verði fyrir auknu álagi og útgjöldum vegna efnahagshrunsins, s.s. starfsemi þjónustumiðstöðva, barnavernd og einstaka samstarfsaðila borgarinnar sem fengju greitt gegnum þjónustusamninga.

Í fimmta lagi, eins og við höfum verið rækilega minnt á undanfarið, þá lagði Samfylkingin og minnihlutinn til að borgarstjórn samþykkti að við endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir 1. mars yrðu unnar tillögur að hagræðingu í húsnæðismálum þannig að 2-5% sparnaður náist á næstu þremur árum og þetta er, þótt þessar tölur hljómi lágar, sparnaður upp á mörg hundruð milljónir, og sérstaklega væri hugað að bættri nýtingu húsnæðis og endurskoðun dýrra leigusamninga við einkaaðila sem taka til sín mikið fé, s.s. Höfðatorg, Ípróttu- og sýningahöll og Egilshöll í Grafarvogi. Þetta hefur því miður ekki gengið eftir og þvert á móti virðast eiga ... hafa sumir þeirra samninga beinlínis verið endurnýjaðir óbreyttir, jafnvel með aukningu eins og í tilviki Egilshallar og meirihlutinn sýnir fyrst og fremst þau viðbrögð nú ári síðar að leggja fram svipaðar hugmyndir um að nú sýnist skynsamlegt að taka upp viðræður við þessa aðila um breytingar á leiðinni. Þar hefur því farið heilt ár í súginn.

Í fjárhagsáætlun 2010 sést að skuldir A-hluta Reykjavíkurborgar aukast um 10 milljarða eða 50%, úr 20 milljörðum í 30 samkvæmt áætluninni sem að er býsna mikið á einu ári. Það hlýtur þó að skýrast að hluta til af ákveðinni sjóðssöfnun, það er að segja að borgin í varúðarskyni, út af stöðu samsteypunnar í heild sinni, vill hafa sjóði til að grípa til en þessi skuldásöfnun vekur auðvitað athygli.

Heildarskuldir Reykjavíkurborgar, að meðtöldum fyrirtækjunum, aukast hins vegar úr 310 milljörðum í 326 milljarða og hafa raunar aukist um yfir 50 milljarða á tveimur árum, langmest vegna Orkuveitu Reykjavíkur og hafa skuldir þess annars ágæta fyrirtækis raunar meira en þrefaldast ef mig misminnir ekki á síðustu fjórum árum.

Útsvars- og fasteignaskattaprósenta stendur í stað en það vekur athygli að mat fastaeigna heimilanna hækkar um 2% sem leiðir til hækkunar fasteignaskatta. Arðgreiðslur og ábyrgðargjöld frá fyrirtækjum borgarinnar hækka einnig um 650 milljónir, jafnvel þó að Orkuveitan fallist alls ekki á þá kröfu borgarstjóra um þreföldun á arðgreiðslum Orkuveitunnar í borgarsjóð sem krafist var við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Varðandi einstaka málaflokka þótt mér borgarstjóri skauta heldur létt yfir þá hagræðingu sem þeim er falin og að mér sýnist að miklu leyti vera óútfærður í frumvarpinu. Ef farið er yfir niðurskurðinn í hundruðum milljóna króna, eins og fjárhagsáætlun birtist nú, þá er niðurskurðurinn hjá grunnskólunum, menntasviði, mestur eða 775 milljónir króna. Næstmestur hjá framkvæmdasviði, 716. Þá kemur leikskólasvið með 432 milljónir króna, umhverfis- og samgöngusvið með 427 milljónir og ÍTR með 411 milljónir. Þá er hins vegar ógetið að allir þessir málaflokkar eiga að auki að taka á sig þann kostnað sem til fellur vegna verðlagshækkana, verðbólgunnar sem áætluð er 5% í fjárhagsáætlun. Það þýðir, þegar saman er dregið, það er að segja óbættar verðlagshækkanir eru um einn milljarður. Einn milljarður í óútfærðum viðbótarniðurskurði á þessa málaflokka sem margir hverjir fara með afar viðkvæma þjónustu sem er nátengd því hlutverki sem sveitarfélög gegna í kreppu og sérstaklega nú.

Þannig þarf menntasvið, grunnskólarnir, að spara 171 milljón vegna óbættar verðlagsáhrifa. Leikskólarnir 123 milljónir og íþrótt- og tómsundasviðið 140 milljónir. Þannig að heildarniðurskurðurinn sem grunnskólarnir þurfa að glíma við er í raun milljarður, leikskólarnir 553 milljónir, íþrótt- og tómsundamálin 551 milljón, framkvæmdasviðið milljarður, velferðarsviðið að minnsta kosti 110 milljónir, en það eru aðeins mismunandi tölur frá sviðsstjóra velferðarsviðs annars vegar og borgarstjóra hins vegar um það hvaða hagræðingu sviðið þurfi að taka á sig að öðru leyti. Umhverfis- og samgöngusvið þarf að spara um 535 milljónir

með verðlagsáhrifum og menningar- og ferðamálasvið 217 milljónir. Eins og áður segir þá er okkur hér í borgarstjórn gert nokkuð erfitt fyrir að fjalla um það nákvæmlega hvað þetta þýðir fyrir þjónustuna, fyrir starfsfólkið og hugsanlegar uppsagnir. Í stuttu máli þá held ég að þetta megi draga þannig saman að markmiðið sem lagt var af stað með fyrir einu ári síðan um að standa vörð um störfín og grunnþjónustuna eru í alvarlegu uppnámi. Af hverju er þetta svona? Það er vegna þess að þegar saman eru lögð sá sparnaður og hagræðing sem að átt hefur sér stað á þessu ári og á að eiga sér stað á næsta ári, er málaflökkunum mjög þröngt skorinn stakkurinn.

Við skulum taka mið af menntasviði. Húsnæðiskostnaður menntasviðs, grunnskólanna, hefur tvöfaldast á föstu verðlagi síðastliðin fjögur ár. Þar bætist við sá niðurskurður sem hér hefur verið rakinn og þetta þýðir að samanlagður niðurskurður þeirra þátta í starfseminni sem grunnskólarnir ráða yfir reiknaðist 17%. 17% á ársgrundvelli. Að vísu þegar kennslumagnstölurnar voru inni, þannig að mér reiknast það til að ef þær eru teknar út séu þarna á bilinu 15-16%. Á bilinu 15-16% og þess vegna held ég að það verði að kalla eftir því við síðari umræðu hér að borgarstjóri leggi í fyrsta lagi fram miklu nákvæmari útfærslu á einstökum liðum í niðurskurðinum í grunnskólunum og á menntasviði, ekki bara grunnskólunum heldur líka tónlistarskólunum sem fá á sig 16% niðurskurð, bara á komandi ári, ofan á þann mikla niðurskurð sem var á yfirstandandi ári. En sömu sögu er líka að segja af leikskólasviði. Þrátt fyrir að niðurskurðarkrafan hafi verið lækkuð, þá standa eftir 553 milljónir króna með verðlagsáhrifum sem alveg á eftir að gera grein fyrir að stórum hluta hvernig komi niður og hvernig er hægt að ná fram án þess að þessi grundvallaratriði í aðgerðaáætluninni, grunnþjónustan og störfín, standist.

Því að það er hluti af aðferðafræði málaflökkanna, sem þau hafa gert að ýmsu leyti vel, að tilgreina af hvaða liðum eigi að taka sparnaðinn og hagræðinguna og það er nefnd yfirstjórn og samrekstur og ýmislegt annað en þá fækkar alltaf þeim hlutum rekstrarins sem hægt er að taka það óútfærða sem út af stendur sem hleypur á hundruðum milljónum króna í þessum viðkvæmu málaflökkum. Þannig að þetta þarf að skýra miklu frekar. Það sama á við um íþróttá- og tómsundasvið og menningar- og ferðamálasvið, en ekki síður framkvæmdasvið og umhverfis- og

samgöngusvið þar sem býsna erfitt er að sjá hvernig eigi að bregðast við afar miklum niðurskurði til dæmis í viðhaldi umhverfis borgarinnar. Við vitum það að í ár höfðu fjárframlög til veggjakrots eða aðgerða vegna þeirra verið skorin niður um 60% en það verður ekki annað séð en að fjárframlög í hreinsun borgarlandsins og umhirðu og snyrtingu sé skorin niður um tugi prósentu að auki þannig að nákvæmar útfærslur á því hvernig þetta eigi að koma heim og saman eru algjörlega nauðsynlegar til þess að leggja megi mat á raunhæfni þessara tillagna.

Til að draga saman: meginlínurnar í málaflökkunum eru þær að niðurskurðurinn sem bætist við það sem skorið var niður á þessu ári er verulegur. Þar bætast við verðlagsáhrif, hann er lítt útfærður, hvernig hann komi niður á til dæmis þjónustu og skólastarfi, hvernig hann komi heim og saman við markmið aðgerðaáætlunar en á hinn bóginn virðist vera ljóst að fjárveitingar til yfirstjórnar flestra málaflökka eru nokkurn veginn óbreyttar milli ára. Það er ljóst að ýmsir einkaaðilar sem eru með samninga við borgina, að samningar þeirra verða virtir og verðbættir og samningar við félagasamtök, eins og til dæmis Íþróttahreyfinguna, verða ekki verðbættir og skornir niður um 5,6% og einhverjar breytingar virðast fyrirhugaðar við aðila sem eru með þjónustusamning á velferðarsviði þó að það sé óljóst í hverju það felist en samningur við Borgarleikhúsið sem gerður var eftir hrun, um að Borgarleikhúsið fengi aftur verðbætur og full framlög samkvæmt sínum samningum frá og með 1. janúar næstkomandi, verður ekki virtur. Ég held að það þurfi að óska eftir því að borgarstjóri geri sérstaklega grein fyrir muninum á þessum samningum, annars vegar við einkaaðila eins og Höfðatorg, Egilshöll, Íþrótt- og sýningahöll, það er að segja einkaaðila og framlög til einkaskóla mega gjarnan vera líka á því yfirliti og þróun þeirra milli ára, í samanburði við þessa samninga við Íþróttafélög, félagasamtök, þjónustuaðila á velferðarsviði og menningarstofnanir.

Það er líka óljóst og kom ekki skýrt fram í ræðu borgarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar hvað fyrirhugað er varðandi kjör starfsfólks. Borgarstjóri lýsti því yfir í upphafi árs að launaskerðingin sem starfsfólk borgarinnar tók af ótrúlegu jafnaðargeði væri tímabundin. Ég held að ég muni nokkurn veginn orðrétt orð borgarstjóra hér í borgarstjórn, þráspurð að vísu, að þetta gengi til baka núna um næstkomandi áramót. Það er auðvitað hægt að fletta því upp nákvæmlega hvernig

Þetta var orðað. En ég sakna þess svolítið að það skuli ekki koma skýr skilaboð til starfsfólksins frá borgarstjóra sem að hefur sent út vikulega tölvupósta, og verið býsna dugleg við það, um að staðinn verði vörður um störfin, kjörin og þjónustuna, um það hvernig þessum óvissuþætti verði sinnt því að í svörum sem lögð voru fram við fyrirspurnum Samfylkingarinnar og minnihlutans í borgarráði í nóvember síðastliðnum var sagt að ennþá væri óljóst um það hvernig með þetta yrði farið en það myndi skýrast við framlagningu fjárhagsáætlunar og ég fæ ekki betur séð en að lækkunin á kjörunum eigi að vera áfram að minnsta kosti út allt næsta ár og þá vaknar sú spurning: á útfærslan að vera nákvæmlega eins? Á að gera breytingar á öllum þeim samningum sem starfsfólk þurfti að gangast undir á innan við sólarhring í febrúar eða mars og renna út núna um áramótin eða verða gerðar þar einhverjar kerfisbreytingar varðandi aksturs- og samgöngusamninga eins og þá var boðað og hvaða aðrar breytingar á að gera á kjaraskerðingunni í ljósi reynslunnar?

Þegar horft er á þessar greinargerðir málaflokkanna og ekki síður B-hluta fyrirtækjanna, þá staldrar maður við orðalagið sem farið er að láta á sér kræla að aðgerðaáætlun borgarstjórnar gildi út kjörtímabilið. Vegna þess að útfærslurnar eru ekki skýrari en svo að maður veltir fyrir sér hvort hugmyndin sé að þetta sé einhvers konar hálfis árs áætlun sem eigi að gilda fram yfir kosningar en þá bíði erfið úrlausnarefni á vettvangi Strætó, vettvangi Slökkviliðsins, vettvangi Orkuveitunnar, vettvangi svæðisskipulags, vettvangi annarrar starfsemi borgarinnar í aðdraganda næsta skólaárs sem eigi að taka á þá. Ég held að það verði að tala skýrt um þetta og útlista þessar áætlanir vegna þess að passi ekki saman yfirlýsingarnar og tölurnar og ég held að það sem sé kallað eftir sé ekki einhver sykurlúð heldur hreinskiptni í því hver staðan er, hvað er í vændum og að við skiljum ekki okkar góðu yfirmenn, skólastjóra og aðra yfirmenn stofnana eftir inni á gólfi hjá sínu starfsfólki að gefa því einhver allt önnur skilaboð heldur en berast vikulega í tölvupóstum frá borgarstjóra þar sem allt er í himnalagi en niðurskurðarkröfurnar eru hins vegar þær að það þarf að gera róttækan uppskurð á öllum rekstri og starfsemi.

En leiðarljós aðgerðaáætlunar eru, eins og áður sagði, ekki bara umhugsunarverð út af þjónustu og starfsemi borgarinnar heldur líka áhrifum á atvinnustigið. Ég fæ

ekki betur séð en að framkvæmdaáætlunin hafi ekkert verið endurhugsuð, það er haldið áfram í dýrum nýframkvæmdum sem jafnvel leiða til rekstrarkostnaðar í framtíðinni og það vekur alveg sérstaka athygli að það hefur ekki ennþá verið gerð grein fyrir því hvaða rekstrarkostnað er verið að tala um þar og það er meira að segja svo að það hafa verið kynnt áform um það að inni á liðnum ófyrirséð séu fyrstu krónurnar inni í risaverkefni sem mun kosta mjög mikinn rekstur til framtíðar, mjög stórir framkvæmdapakkar í samstarfi við Íþróttafélög og aðra sem ég held að sé algjört lykilatíði að borgarstjórn sé gerð grein fyrir áður en menn eru taldir á nokkurn hátt blessa þau áform við þær aðstæður, ekki bara sem núna eru heldur líka sem framundan eru því þó að nú njóti borgin þess að hér hafi verið áætluð 2% hækkun fasteignaverðs, 2% hækkun fasteignaverðs og þar með 2% hækkun fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði í borginni, þá má búast við að þessi tekjustofn rýrni með endurskoðun fasteignamats strax á næsta ári og það jafnvel svo skipti tugum prósentu og ég held að það væri gott að fá hér inn í umræðuna, í næstu umræðu, mat á því hvað þessi lækkun og rýrnun á þessum tekjustofni, fasteignasköttunum, gæti orðið mikil strax á þarnæsta ári.

En varðandi atvinnuna þá verðum við einfaldlega að horfast í augu við það að við erum að halda áfram í býsna dýrum nýframkvæmdum sem leiða til rekstrarkostnaðar í framtíðinni en við erum að skera niður viðhald fasteigna úr 1.323 milljónum 2008 í 734 milljónir nú tveimur árum síðar, um helming, og viðhaldi í umhverfinu úr 1.323 milljónum í 611. 611. Þetta er líka meira en helmingsniðurskurður og ég held að við verðum að fá gögn upp á borðið, bæði hvernig standa á að þessu, hvar þetta komi helst niður og hvað störfum muni fækka í tengslum við þessar ákvarðanir. Þá eru ótalin, þó að það tengist að hluta til, að sumarstörfum hjá umhverfissviði og framkvæmdasviði mun fækka verulega, nánast hverfa sumstaðar, og hjá ÍTR mun þeim líka fækka verulega, samtals um 300.

Eitt af því sem hefur verið áberandi í umræðunni þegar leiðarljósinn úr aðgerðaáætluninni eru til umræðu er það hvernig við skilgreinum grunnþjónustu og hvað við eigum við með grunnþjónustu. Ég held að það liggi nú eiginlega bara fyrir sem staðreynd að menn hafa ólíka sýn á það og kannski er það ekkert óeðlilegt í lýðræðislegu samhengi að það sé hluti af hinni pólitísku umræðu að

ræða hvað teljist grunnþjónusta. Þegar félagshyggjuöflin tóku við stjórn Reykjavíkurborgar 1994 til dæmis, hafði Sjálfstæðisflokkurinn lengi talið það vera grunnþjónustu í leikskólamállum að veita 4 klukkustunda þjónustu og oft bara fyrir einstæða foreldra. Að það væri ekki grunnþjónusta í borgarsamfélagi að veita fulla grunnþjónustu. Nú hefur meirihlutinn einmitt gefið það út og gerði það á liðnu ári að 9 tíma leikskóli væri ekki grunnþjónusta heldur akkúrat 8 tímar. En grunnþjónustan hefur þá að minnsta kosti tvöfaldast að lengd á þessu árabili og það er auðvitað ákveðið fagnaðarefni.

En ég vildi leggja hér inn í umræðuna eitthvað sem að ég tel að nálgist skilgreiningu á grunnþjónustu í mínum huga. Ég held að það sé skilgreining á grunnþjónustu í grunnskólum og það hvernig við stöndum vörð um hana að niðurskurðurinn nái ekki inn í skólstofuna. Í aðstæðum heimilanna að niðurskurðurinn nái ekki inn í daglegt líf heimilisins, að niðurskurðurinn komi ekki niður á grunnþörfunum. Að niðurskurðurinn bitni ekki á grunnöryggi íbúa eða barna. Að niðurskurðurinn dæmi ekki fólk, börn eða fjölskyldur úr leik, til dæmis með dýrum frístundatilboðum og þannig mætti áfram telja. Það verður sjálfsagt mjög erfitt að setja mælistikuna niður í eitt skipti fyrir öll en ég held að þetta sé hluti af mjög mikilvægri umræðu sem við þurfum að fara í gegnum núna og Samfylkingin er, sem hreyfing og flokkur, í miklum samtölum við bæði fólk í borginni, stjórnendur í borginni og samfélagið allt að ræða á fullu því að Samfylkingin er jafnaðarmannaflokkur, velferðarflokkur og það hvernig við skilgreinum grunninn, það hvernig við leggjum línurnar um hlutverk sveitarfélaganna sem brjóstvörnina í kreppunni, það að mörgu leyti skilgreinir pólitíkina um það í hvernig samfélagi við viljum búa.

Þetta er þess vegna grundvallarumræða og gríðarlega mikilvæg núna í kjölfar efnahagshrunsins. Þegar valkostirnir birtast, oft báðir vondir, í niðurskurði, sem er nauðsynlegur en getur gengið of langt, og tekjuöflun sem verður ekki undan vikist vegna tekjufalls í samfélaginu og efnahagshrunsins, en er auðvitað engar góðar fréttir heldur. Ekkert fagnaðarefni frekar en efnahagshrunið sjálft og efnahagsstefnan sem leiddi til þess. En við hér í borgarstjórn og á sveitarstjórnarstiginu, kannski ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, verðum líka að líta á þetta sem ákveðið tækifæri til þess að fara í endurmat á því sem aflaga hefur

farið á bóluhagkerfinu og þeim hlutum þess sem brutu sér leið inn á sveitarstjórnarstigið.

Ég er að tala um offjárfestinguna á höfuðborgarsvæðinu, ég er að tala um stjórnlausu hækkun húsnæðiskostnaðar, ég er að tala um gríðarlegan hraða, margföldun skulda Orkuveitunnar á örfáum árum, ég er að tala um kreppuna hjá Strætó, sem er ekki bara efnahagskreppa heldur kreppa, pólitísk kreppa þar sem sýn skortir á hlutverk almenningssamgangna í borgarsamfélaginu. Ég er að tala um vanrækslusyndirnar í formi vaxandi ójafnaðar í samfélaginu þar sem augljóst mál er að gríðarleg verkefni bíða okkar þar sem langtímaafleiðingar atvinnuleysis, langtímaafleiðingar fátæktar, langtímaafleiðingar ójafnaðar, verða því miður eitt brýnasta verkefni framtíðarinnar á Íslandi, auk þess að vera líklega eitthvað það allra, allra kostnaðarsamasta, hvort sem við horfum til afleiðinganna í auknum fjölda afbrota, auknum fjölda sjúkdóma, auknum fjölda dauðsfalla, minni samstöðu, meira rofs í samfélaginu. Þetta eru rannsóknastuddar afleiðingar ójafnaðar og eitt af mikilvægustu viðfangsefnum framtíðarinnar.

En í þessu þurfum við að leiða umræðuna og líta á það sem hlutverk okkar sem stjórnámálamanna og ég sakna þess mjög á því ári sem liðið er hér á vettvangi borgarstjórnar hversu hægt og illa hefur gengið að fá fram umræðu um þessi grundvallarmál. Um nýja hugsun til að takast á við það að húsnæðiskostnaður hafi tvöfaldast, að höfuðborgarsvæðið sitji uppi með á annað hundrað milljarða í offjárfestingar, að skuldir Orkuveitunnar hafi þre- eða fjórfaldast á fjórum árum. Það er allsstaðar verið að skera niður viðhald, það er allsstaðar verið að skera niður störf, þrátt fyrir samþykktir um hið gagnstæða. Við þurfum að tryggja að orðum fylgi athafnir, við þurfum að tryggja samhengi hlutanna, við þurfum að tryggja þá heildarsýn sem svo mjög hefur verið kallað eftir við undirbúning þessarar fjárhagsáætlunar, að horft sé ekki bara á borgarreksturinn frá mánuði til mánaðar og ári til árs heldur til miklu lengri tíma um þróun þessa höfuðborgarsvæðis um þá atvinnuvegi sem líklegastir eru til að skila okkur verðmætum og tekjum til framtíðar og um það fólk sem við ætlum okkur að standa vörð um í þessum erfiðu aðstæðum, en auðvitað kallar þetta á ákveðið innsæi.

Þetta kallar á viðurkenningu á því að hrúnið var ekki bara eitthvað sem gerðist, hrúnið kom ekki með sunnanvindinum, fluttist inn yfir landamærin, var sent hingað frá OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða Evrópusambandinu. Hrúnið var mannanna verk, hrúnið byggði á hugmyndafræði, hrúnið byggði á offari, hrúnið byggði á mjög mörgu af þeim ýkjum sem við þurfum að bregðast við og taka á hér í borgarrekstrinum og til þess þurfum við að byrja á okkur sjálfum og þar undanskil ég engan. Það þarf auðvitað að fara yfir alla þá hluti sem ég hef nefnt hérna af hreinskiptni og heiðarleika og horfa þar til framtíðar en við þurfum líka að hugsa og hlusta víðar.

Við þurfum að hlusta eftir tillögum stjórnenda okkar og starfsfólks og ég hugsa að núna þegar starfsfólkið okkar fær skilaboð sem kannski eru ekki óvænt, um að niðurskurður á kjörunum haldi áfram en hverfi ekki um áramót eins og sagt var við það, Borgarleikhúsið, jafnvel Íþróttafélögin og ýmsa aðra, að kreppan væri bara 9 mánaða fyrirbæri, þá hugsa ég að þau klóri sér nokkuð í höfðinu yfir þeim fjölmörgu tillögum sem safnað var saman með nokkrum tilkostnaði og ytri ráðgjöf eins og það heitir, og sent var inn á borð borgarstjóra en í mörgum tilvikum hefur ekkert verið brugðist við og ég gluggaði í morgun, fyrir þessa umræðu, yfir tillögurnar og langar í raun að kalla eftir því að lagt verði fram yfirlit yfir hvað varð um þær allar því að fyrir aftan þær, margar hverjar, standa einfaldlega þessi tvö orð: í skoðun. Hvert fóru þær í skoðun? Hver var skoðunin? Hvað hefur verið gert? Vegna þess að ég sá ekki betur en að algengustu hugmyndirnar væru um lækkun bifreiðakostnaðar hjá yfirstjórn borgarinnar eins og það hét, að yfirmenn borgarinnar keyrðu bíla sína sjálfir og ég fékk tölvupóst frá starfsmanni sem var raunar að kvarta yfir því að sparnaðarhugmynd sinni um að yfirmenn borgarinnar væru ekki sóttir heim til sín á morgnana á hverjum degi á einkabíl hefði ekki verið registreruð og ekki verið fylgt.

En þarna voru líka hugmyndir um fækkun nefnda sem einmitt hefur verið fjölgað á þessu kjörtímabili, að bíða með myndastyttur, sem virðist hafa verið sérstakt áhugamál á þessu kjörtímabili, og síðast en ekki síst að bíða með viðgerðina á húsunum við Laugaveg 4 og 6. Og hvernig væri það? Til marks um að Sjálfstæðisflokkurinn hefði eitthvað lært á því að setja borgarstjórástólinn á uppboð, að kaupa nýjan meirihluta, með honum og 580 milljónum, sem er klikkað

verð fyrir fermetrana að Laugavegi 4 og 6 sem nú á að endurgera, en bara að utan. En bara að utan. Og peningarnir sem borgin ætlaði að fá með því að byggja einhverja fermetra þar á bakvið, þá á reyndar ekki að byggja. Nei, það á að ganga þannig frá endurgerðinni á Laugavegi 6 að það hús megi flytja tímabundið þegar framkvæmdirnar þarna á bakvið fara svo í gang. Ég vona að þessi hugmynd sé ekki til marks um hvernig þessi fjárhagsáætlun í ýmsum öðrum atriðum er hugsuð. Þarna á að lappa upp á andlitið, tjasla upp á ytra byrðið, að vísu með ærnum tilkostnaði. Borgarþúar hafa ekki tæpað minna en 7-800 milljónum nú þegar á kaupunum á Laugavegi 4 og 6 og þar á greinilega að verða langt, langt framhald á.

Við verðum nefnilega að gera þá kröfu til okkar sjálfra á niðurskurðar- og sparnaðartímum að við tökum til heima fyrst, að við stöndum við stóru orðin, stöndum vörð um velferðina, stöndum vörð um börnin, stöndum vörð um vinnuna og atvinnulífið og þá getum við líka treyst því að það samfélag sem sveitarfélögin eru hugsuð og gerð til að standa vörð um, er til í að koma með okkur í alla þá leiðangra sem til framtíðar horfa, til þeirrar framtíðarsýnar sem best dugir og þá vinnu sem þarf til að komast þangað, í gegnum alla þá erfiðleika sem augljóslega eru framundan, því miður. Því miður. En það er engin ástæða til að fallast hendur eða falla ketill í eld, við höfum alla burði til þess að búa til borg sem er ekki bara framúrskarandi og borg til að vera stolt af heldur stenst allan samanburð hvar sem er í heiminum.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Jórunn Frímannsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er ekki venja hér í borgarstjórn við fyrstu umræðu fjárhagsáætlunar að fara í andsvör en í ljósi þess að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ákveður að taka mig sérstaklega fyrir í upphafi ræðu sinnar sé ég mig knúna til þess að svara fyrir mig. Auðvitað væri kjörstaðan hér í borg sú að hér þyrfti ekki hjálparstofnanir en þannig er því miður ekki staðan og afar mismunandi ástæður fyrir því að fólk þurfi að leita til hjálparstofnana, eins og fram kom reyndar í fréttum RÚV klukkan átta í gærkvöldi, þar sem talað var við konu á örorkubótum sem þangað hefur þurft að leita síðustu tvo mánuði. Það er engu að síður gott til þess að vita að fólk sé tilbúið að leggja sig fram með þeim hætti sem það gerir, og vil ég nota tækifærið hér og þakka því góða fólki sem þar starfar sérstaklega, því þar er unnið afar óeigingjarnt starf.

En ég ætla að fara yfir það hvernig fjárhagsaðstoðarreglur borgarinnar eru og hvers vegna þær eru með þeim hætti sem raun ber vitni. Fjárhagsaðstoðarreglur sveitarfélaga byggja á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu. Sveitarfélög ákveða á grundvelli þessara laga hvernig fjárhagsaðstoðarreglum sveitarfélaga er háttað. Fjárhagsaðstoðarreglur Reykjavíkurborgar voru samþykktar árið 2003 en 27. gr. reglnanna fjallar sérstaklega um fjárhagsaðstoð í desember. Þessari grein var breytt í apríl 2005 þar sem ákveðið var að ekki væri nauðsynlegt að hafa fengið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði, heldur var með breytingunni hægt að taka tillit til þess ef tekjur höfðu verið samsvarandi fjárhagsaðstoð undangengna 6 mánuði. Það er afar mikilvægt fyrir stórt sveitarfélag eins og Reykjavík að reglurnar séu skýrar, gagnsæjar, og með þeim sé jafnræðis gætt. Það teljum við okkur vera að gera.

Sveitarfélög geta með tvennum hætti tekið tillit til tekna einstaklinga við ákvörðun um fjárhagsaðstoð. Hjá Reykjavíkurborg hefur verið farin sú leið að taka ekki tillit til tekna vegna barna. Þannig er ekki horft til tekna vegna barnalífeyris, barnabóta og meðlags. Þannig eru reglurnar með þeim hætti að ekki hefur verið greidd fjárhagsaðstoð sérstaklega vegna barna. Ég er hins vegar að láta skoða það nú og reikna út nákvæmlega hversu mörg börn eru nú í hópi þeirra fjölskyldna sem þiggja fjárhagsaðstoð, hvernig þjónusta okkar er háttað gagnvart börnum í samanburði við önnur sveitarfélög, og komi í ljós við þessa skoðun

Bstj. 3. desember 2009

okkar að aðstæður Reykjavíkurborgar séu lakari en almennt gerist meðal annarra sveitarfélaga, munum við vinna með það nú á milli umræðna. Að lokum vil ég minna á það að við erum auðvitað að leggja sérstaka áherslu á að hjálpa börnum og barnafjölskyldum og þannig geta allar fjölskyldur fengið sérstaka aðstoð vegna barna samkvæmt 16. grein a) og rýmkuðum við þær reglur sérstaklega í ágúst síðastliðnum. Hér á ég við allar fjölskyldur sem eru á eða við fjárhagsaðstoð.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Nú verður gert matarhlé í hálf tíma. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að svara andsvari.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil þakka Jórunni Frímansdóttur fyrir að koma hér í andsvar og gera þetta að umræðuefni. Það sem er fyrst og fremst gegnsætt í reglum borgarinnar er að við núverandi aðstæður duga þau ekki þeim verst settu til að draga fram lífið. Það sem er gegnsætt í ástandinu í samfélaginu er að biðstofur hjálparstofnana eru troðfullar en það sem er því miður líka gegnsætt þangað til að annað kemur í ljós er að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks virðist ekki ætla að hafa metnað og döngun, virðist ekki ætla að hafa metnað og döngun til þess að gera og bæta því við sem mestu máli skiptir fyrir þetta fólk. Að sveitarfélagið standi með þeim sem sú brjóstvörn sem sveitarfélög eiga að vera á erfiðum tímum, sem sú brjóstvörn sem sveitarfélög eiga að vera á erfiðum tímum og þær tillögur sem Samfylkingin og aðrir í minnihlutanum hafa verið að leggja fram á velferðarsviði eru ekki um einhverjar lúxusbætur eða lúxusgreiðslur heldur eitthvað sem getur talist nálægt því að vera lágmark. Algjört lágmark við þessar aðstæður þó ekki væri nema nánast táknrænt til að standa með fólki í þeirra þröngu stöðu.

Og mín orð á fráleitt að skilja sem einhverja gagnrýni á hjálparstofnanir, öðru nær, en það verður einfaldlega að halda því til haga að grunnskyldan hvílir hér í þessum sal en ekki á þeim.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Nú er gert hálf tíma matarhlé.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Vandí sveitarfélaganna er, eins og hér hefur komið fram, víða mikill. Fjölmörg sveitarfélög hafa ekki enn skilað 6 mánaða uppgjörinu og sagt er að eftirlitsnefndin sé búin að yfirtaka eitt þeirra og að áætlaður halli á A-hluta sveitarfélaganna sé um 20 milljarðar. Við þessar aðstæður er verið, annað árið í röð að leggja fram fjárhagsáætlun borgarinnar sem inniheldur mikinn niðurskurð. Þegar við stóðum í þessum sporum í fyrra þótti okkur nóg um en þá var verið að spá því að gengið færi ofan í 170 stig í lok árs, væri komið upp í 170 stig um þetta leyti, og atvinnuleysið yrði 7% og verðbólgan um 4%. Forsendur dagsins eru aðrar og mun verri, eins og hér hefur komið fram. Nú er verið að spá 11% atvinnuleysi í Reykjavík, og gengið, á landsvísu náttúrliga, verður 235 stig, 235 stig í stað 170, og verðbólgan verði áfram þónokkur, eða um 5% og það fækki áfram Reykvíkum, eða um 1,5%.

Það hriktir í aðgerðaáætlun borgarstjórnar frá því í fyrra en hún hefur, þrátt fyrir allt, reynst gott veganesti, ekki aðeins fyrir Reykjavík heldur líka flest önnur sveitarfélög á landinu. Við aðstæður sem þessar, þegar fátæktin blasir við, verða markmiðin um að hækka ekki gjaldskrár, verja störfín og grunnþjónustuna, haldreipi sem ekki má sleppa. Markmið sem fyrir stuttu þóttu sjálf sögð eru nú prófsteinn á kjörna fulltrúa sem nú gefst tækifæri til að sýna hvað í þeim býr og þá kemur í ljós hverjir eru í raun færir um að eyða óvissunni og verja almannahagsmunum.

Forseti, borgarstjórn. Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins á þeirri stöðu sem við erum í nú er gríðarleg. Frjálshyggjan með tilheyrandi einkavæðingu bankanna og annarra ríkisfyrirtækja. Stóriðjustefnan sem leiddi af sér ofþensluna. Græðgisvæðingin sem leiddi af sér atvinnu og eignaleysi fólks sem ekki fékk einu sinni mola af borðunum. Þetta skrifast fyrst á fremst á gamla valdaflokkinn. Það eitt og sér að koma Sjálfstæðisflokknum sem fyrst frá völdum á síðasta ári var lífsnauðsynlegt. Var lífsnauðsynlegt fyrir þjóðina. Þó ekki væri nema vegna þess að flokkurinn hafði grafið um sig í stjórnkerfinu, komið sínum alls staðar fyrir og alið á spillingu sem vonandi verður afhjúpuð fljótlega á næsta ári. Auðvitað bera samstarfsflokkarnir, hækjurnar, sína ábyrgð og það gildir bæði um Samfylkinguna

og Framsókn að það verður ekki undan því komist að gera upp við fortíðina á trúverðugan hátt.

Og Sjálfstæðisflokkurinn á líka að yfirgefa stjórnvölinn við borgina. Frjálshyggjan er söm við sig og einkavæðingarhugmyndir sem flokknum tókst ekki að ýta úr vör framan af á kjörtímabilinu og treystir sér til að framkvæma í lok þess eru allar vel geymdar, þær eru allar vel geymdar. Hugmyndir sem stinga upp hausnum annað slagið. Verkefnafjármögnun hjá Orkuveitunni, útboð á sorphirðunni og Droplaugarstöðum og Strætó eru dæmi um einkavæðingarhugmyndir sem verður ýtt úr vör strax í upphafi næsta kjörtímabils, nái Sjálfstæðisflokkurinn völdum aftur.

Aðdragandi aðgerðaáætlunar borgarstjórnar fyrir rúmu ári, var með eindæmum og fjórir meirihlutar á kjörtímabilinu með tilheyrandi óstjórn og kostnaði voru ekki til að auka virðingu borgarstjórnar. Í taumlausri valdasýki héldu sjálfstæðismenn í þann leiðangur að narra til samstarfs við sig borgarfulltrúa sem var í veikindaleyfi, með boði um gull og græna skóga, og halda honum nógu lengi til að ná aftur sinni gömlu hækju, Framsóknarflokknum. Á þessum tímapunkti vildu borgarbúar helst fá að kjósa, og það var ekki hægt, það var því miður ekki hægt, en krafan um almennilegt samstarf, raunverulegt samstarf, var skýr. Og samstarfið lofaði góðu og þó ekki væri annað, þá stendur, eins og áður sagði, áætlunin um störfín, gjaldskrárnar og grunnþjónustuna fyrir sínu. Á þessum tíma, fyrir ári síðan, litum við svo á að við værum að stíga okkar fyrstu skref í vinnubrögðum sem kjörnum fulltrúum í Reykjavík væru framandi þó þau væru alsíða í öðrum borgum.

Samstarfið sem var að mörgu leyti gott í 5 manna aðgerðahóp náði þó ekki nema að litlu leyti til ráðanna og þessu lofaði borgarstjóri að bæta úr. Það er því miður þannig að, að sögn flestra fulltrúa VG í fagráðunum er samráðið nú síst betra en það var í ár og flestir félagar mínir bókuðu við framlagningu fjárhagsáætlunar í ráðunum á þessa leið, með leyfi forseta:

Sú áætlun sem hér er lögð fram hefur ekki verið unnin af fulltrúum allra flokka. Þó einstaka fundir hafi verið haldnir um áherslur í málaflokknum hefur ekki gefist svigrúm til að ráðið reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Án slíks svigrúms er ekki hægt að segja að um samráð hafi verið að ræða.

Tilvitnun lýkur. En það tekur þó steininn úr, ágætu borgarfulltrúar, þegar borgarstjóri leggur fram frumvarp hér á þessum fundi sem er í veigamiklum atriðum, í veigamiklum atriðum, frábrugðið því frumvarpi sem kynnt var á fundum flestra fagraða í síðasta mánuði.

Forseti, borgarfulltrúar. Það er ljóst í huga þess sem hér stendur að það er nauðsynlegt að breyta því ólýðræðislega kerfi sem við borgarfulltrúar búum við. Þetta mikla gap á milli minnihluta og meirihluta verður að brúa. Borgarstjóri hefur misst af kjörnu tækifæri til að leiða borgarfulltrúa til samvinnu þar sem enginn upplifir sig kúgaðan eða skortir upplýsingar. Þar sem embættismennirnir vinna jafnt fyrir alla borgarfulltrúa og þá um leið kjósendur þeirra. Við réttum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þetta blys og við veittum henni tækifæri til að skrifa nafn sitt á spjöld íslenskrar stjórnmalasögu en hún þarf að skila því aftur og verkinu verður vonandi lokið fljótlega á næsta kjörtímabili.

Forseti, borgarfulltrúar. Niðurskurður þessa árs hefur verið sársaukafullur og haft hefur verið á orði að það sé búið að taka alla fitu af og sums staðar vel það. Sá sem hér stendur var þess heiðurs aðnjótandi að vera umfjöllunarefni í Staksteinum í gær. Gott ef það var ekki sjálfur höfuðpaur hrunsins sem skrifaði pistilinn sem er grínaktugur og endar á háðsglósu um það að sennilega þrái Reykvíkingar það helst að fá lítinn Steingrím J. til að stýra skattheimtunni í höfuðborginni. Tilefni skrifa brandarakarlsins er náttúrulega tillaga okkar Vinstri grænna um að borgin fullnýti útsvarsheimildina. Sjálfsagt ylja innvígðir sér við svona spaug með koniákinu við arineldinn á kvöldin en það er ekki víst að almennum kjósendum Sjálfstæðisflokksins sem sáu formann velferðarráðs klumsa þegar sinnuleysis flokksins í velferðarmálum kom í kvöldfréttum sjónvarpsins í gær. Það er ekki víst að þeim kjósendum flokksins sé jafnskemmt. Því að í þeim hópi hljóta þeir að vera margir sem átta sig á því að til þess að sinna ört stækkandi hópi þeirra sem eiga varla í sig og á þarf aukið fjármagn. Ef meirihlutanum í Reykjavík er einhver alvara í því að forgangsraða í þágu velferðarmála, verður hann að endurskoða andstöðu sína við það að setja aukið fjármagn til velferðarmála. Það þarf að hækka laun þeirra sem lifa á fjarhagsaðstoð og hafa rúmar 115.000 kr. í tekjur á mánuði. Það gengur ekki að þeir eigi að lifa á þeim tekjum út allt næsta ár. Verði farið að tillögum VG hækka þau að lágmarki um 18.000 á mánuði og það að viðbætti

sambærilegri hækkun heimildagreiðslna vegna barna, myndi það kosta borgina 230 til 240 milljónir samkvæmt útreikningum borgarhagfræðings. Og það hlýtur að vera öllum ljóst að það verður að hækka framlag til barnaverndar. Það hefur verið sýnt fram á það að Barnavernd Reykjavíkur er undirmönnuð og málin eru stöðugt að þyngjast. Þar með aukast líkurnar á hörmulegum afleiðingum gagnvart þeim sem ekki geta talað sínu máli. Tillaga okkar Vinstri grænna bíður nú afgreiðslu í velferðarráði, tillaga okkar um fjölgun barnaverndarstarfsfólks í Barnavernd Reykjavíkur.

Það er varhugavert að verðbæta ekki samninga við sjúklingasamtök og áfangaheimili annað árið í röð. Slíkt gæti, í einstökum tilfellum og hugsanlega nokkrum, riðið starfseminni að fullu. Á þessum stöðum er unnið mikilvægt sjálfbodaliðastarf og það er næsta víst að kostnaður borgarinnar myndi stóraukast auk þeirra hörmunga sem af slíku gæti hlotist ef starsemin lognaðist útaf. Meirihlutinn í Reykjavík og höfundur Staksteina verða að átta sig á því að það hefur aldrei verið mikilvægara að setja aukið fjármagn í velferðarmál og ég endurtek það að verði það ekki gert eru allar fullyrðingar um að verið sé að forgangsraða í þágu velferðar, orðin tóm. Orðin tóm. Það er ekki, ágætu borgarfulltrúar, það er ekki góð fjármálastjórn við þessar aðstæður að fullnýta ekki útsvarið. Röksemdafærsla borgarstjóra þess efnis að fullnýting útsvarsheimildarinnar sé leið hins lata er popúlismi af verstu gerð og með henni er Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri að tala niður til flokksfélaga sinna í flestum bæjarstjórnnum landsins.

Við skulum ekki gleyma því að Sjálfstæðismenn æptu sig hása þegar vinstri menn hækkuðu útsvarið upp í 13,03%. En lækkuðu þeir útsvarið þegar flokkurinn komst aftur til valda? Var það? Nei. Fullnýting útsvarsins mun færa okkur 720 milljónir til 740 milljónir. 720 milljónir til 740 milljónir samkvæmt útreikningum sem ég fékk í gær. Þarna er um að ræða mjög mikilvægt fjármagn sem gæti runnið til velferðarmála með sérstaka áherslu á börn. 0,25% útvar mun kosta einstakling með 500.000 króna í laun á mánuði 1.250 krónur. 1.250 krónur. Og kannski ef við setjum hlutina í þetta samhengi, hvað Reykvíkingar fá fyrir þessa skattlagningu, þá er ég nú ekki viss um að kjósendur Sjálfstæðisflokksins hlæi mikið meira að staksteinum.

Og það vantar fjármagn í fleira. Börn og foreldrar koma til með að líða fyrir forgangsröðun meirihlutans í leikskólamállum. Hagræðingin hefur áhrif á inntöku barna í leikskólum. Biðlistar koma til með að lengjast og börn og foreldrar munu þurfa að reiða sig á dagmæðrakerfið enn lengur en nú er. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á könnun sem gerð var meðal foreldra fyrir á kjörtímabilinu þar sem greinilega kom fram að ef foreldrar hefðu raunverulegt val milli dagmæðrakerfis og leikskóla, þá myndu þeir flestir, langflestir, kjósa leikskólana.

Hagræðing leikskólasviðs fer beint gegn vilja foreldranna, þar sem hún kemur í veg fyrir að börn geti hafið sín fyrstu skref á fyrsta skólastiginu, inni í leikskólunum. Það gildir í það minnsta um sum börn. Í staðinn stendur meirihlutinn vörð um þjónustutrygginguna. Þjónustutryggingu sem ekki er upp í nös á ketti og hefur leitt til þess eins að auka á ójöfnuð í þeim löndum sem hana hafa reynt. Börn og foreldrar í borginni eiga betra skilið.

Forseti, borgarfulltrúar. Skólamálin hafa verið mikið til umræðu og ekki að furða að fólk yrði áhyggjufullt miðað vegna fregnir af niðurskurðarhugmyndum sem miðað hafa að skerðingu á kennslu. Sem betur fer hafa þessar hugmyndir ekki ráðið ferðinni hjá meirihlutanum og það er vel. Það er vel. Við í VG höfum alltaf talað fyrir því að Reykjavíkurborg reki metnaðarfullt og fjölbreytt skólastarf þar sem allir eigi kost á námi við hæfi. Við viljum að þúsund blóm fái að blómstra og þrátt fyrir andstöðu okkar við einkaskóla sem reknir eru fyrir skattfé, styðjum við góðar hugmyndir, eins og t.d. hugmyndafræði Tæknigrunnskólans. Við viljum ræða um slíka útfærslu innan borgarkerfisins þannig að allir hafi jafnan aðgang án tillits til efnahags. Að mati þeirra sem best þekkja er ein stærsta áskorunin í skólastarfi í nútímanum að minnka brottfall úr framhaldsskólum sem vart verður gert nema með aukinni samvinnu grunn- og framhaldsskóla.

Samvinnu, bæði um innihald námsins samkvæmt aðalnámskrám sem nú eru í endurskoðun, og um námsmat. Kennarar í grunnskólum Reykjavíkur verða að fá tækifæri til að taka þátt í þessari mikilvægu umræðu því þannig nýtum við mannauðinn í skólunum á skynsamlegan hátt. Börnum fer fækkandi í grunnskólum borgarinnar eins og er og erfitt er að segja fyrir um hvernig nemendafjöldinn þróast í nánustu framtíð. Það hefur verið nefnt að nemendur sem hófu nám í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2009 voru 211 færri en upphafleg

var gert ráð fyrir. Mögulega mun nemendafjöldinn þróast í samræmi við starfsmannafjöldann sem hættir á eðlilegan hátt. En faglegi þátturinn og utanumhaldið skiptir meira máli en nokkru sinni. Það er okkar skylda, okkar borgarfulltrúa, að skila kreppukynslóðinni ekki síður menntaðri inn í framtíðina en kynslóðinni á undan.

Í fjárhagáætluninni er hvergi er talað um faglegt samráð við kennara og annað fagfólk í skólum um lausn á hagræðingarkröfu. En það er einmitt mikilvægt að draga fagmennskuna fram svo að það sem við viljum halda í komi vel í ljós á hverjum stað. Í áætluninni er talað um, með leyfi forseta „hugmyndafræði um fyrirmyndarrekstur og samrekstur til að ná sem bestum rekstrarárangri.“ Tilvitnun lýkur. Þetta er gott og blessað, svo langt sem það nær, en það á að nýta hugmyndir kennara og fagfólks á hverjum stað, nýta mannauðinn sem við eigum í skólunum. Í miklum niðurskurði þar sem hnífnum er beitt til hins ýtrasta er það óásættanlegt að einkaaðilar geti stofnað skóla að vild og sótt fjármagn til borgarinnar til rekstrar. Það sem gerir þetta enn ankannanlegra er það að þessir aðilar fá greitt miðað við kostnað við hvern nemanda á landsvísu. Þar með fá einkaskólar í Reykjavík hærri upphæð en réttlátt er miðað við meðaltalskostnað við hvern nemanda í Reykjavík.

Stjórnmalafólk sem segist forgangraða í þágu barna ætti að hugsa sig tvisvar um áður en það sker niður vegna forfalla og félagsstarfa. Verður þá tryggt að börnin séu í skólanum á þeim tíma sem stundataflan segir til um? Er í lagi að skera niður í félagsstörfum í yngstu aldursflokkunum annað árið í röð? Er að ábyrgt að skera meira niður í Námsflokkum Reykjavíkur? Starfsemi sem er mikilvæg fyrir þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þar eru rekin eru tvö ungmennaverkefni, kvennasmiðja fyrir einstæðar mæður, karlasmiðja fyrir karla sem hafa verið atvinnulausir í mörg ár og átak fyrir óvirka fíkla. Er ekki ástæða til að bæta í frekar en að skera niður þetta mikilvæga starf, þar sem húsnæðismálin eru í ólestri, aðeins fjórar bóknámsstofur til afnota og engar list- og verkgreinastofur? Eigum við ekki, einmitt nú að halda þessari starfsemi á lofti einfaldlega vegna þess að hér er á ferðinni mikilvægt starf fyrir þá sem missa af lestinni í almenna skólakerfinu? Fyrir þá sem við segjumst ætla að sinna í aðgerðaáætlun velferðarsviðs, fyrir þá sem þurfa fjárhagsaðstoð til dæmis.

Forseti, borgarfulltrúar. Niðurskurðurinn á frístundaheimilunum verður verulegur ef fer sem horfir. Þeim á að loka í 16 daga sem hefðbundið skólastarf fellur niður fyrir hádegi í frístundaheimilum. Það á að fjölga börnum á hvern starfsmann úr 12 í 14. Það á að skerða á heilsársfrístundaheimilum, sem verður til þess að fækka starfsfólki yfir sumartímann og fækka þeim sem eiga möguleika á fastráðningu. Heildarniðurskurður til frístundaheimila er 94 milljónir þó það líti út hugsanlega að um aukningu sé að ræða. Aukningin er nefnilega til komin vegna þess að loksins verða tekin upp þau sjálfstöðu vinnubrögð að gert er ráð fyrir raunhæfum fjölda barna í frístundaheimilum eða 2.600 alls sem er þó engin nýlunda, enda hefur alltaf verið tekið á móti öllum þeim börnum sem sótt hefur verið um, fyrir.

Það verður engin aukning á framlögum til 10-12 ára starfs. Þar eru sömu 35 milljónirnar og samþykktar voru í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Svonefndur pottur vegna atvinnumála ungs fólks er óbreyttur, 96 milljónir, þó að það sé ljóst að atvinnuleysi meðal ungs fólks verði meira á næsta ári en þessu. Upphæðin hefur sjaldan verið lægri. Vegna niðurskurðar hjá Vinnuskólanum, þar sem ekki er gert ráð fyrir samstarfi við ÍTR um félagsmiðstöðvarhópa að sumarlagi, fæst ekki séð að hægt verði að halda í allt fastráðið starfsfólk félagsmiðstöðva, en fastráðningin byggir á samstarfi í samstarfi við Vinnuskólann. Það er sumsé þannig að ef fer sem horfir mun fastráðnu starfsfólki verða sagt upp störfum og grunnþjónustan er tvímælalaust skert með lokunum á heilum dögum.

Forseti, borgarfulltrúar. Það hefur margoft komið fram og var rætt hér á síðasta fundi borgarstjórnar að atvinnumál ungs fólks er sérstakt áhyggjuefni í vaxandi kreppu. Í ferð aðgerðahópsins til Helsinkis sögðu embættismenn okkur frá því að ein mestu mistök og hugsanlega mestu mistök, sem gerð voru í kreppunum þar, var að huga ekki betur að atvinnumálum ungs fólks og þeir hörmuðu það að hafa misst fjöldann allan inn í langtíma atvinnuleysi. Þó leiðbeinandi viðmið atvinnuhóps liggja nú fyrir og fulltrúar meirihlutans hafi farið fögrum orðum um plaggið, þá ber fjárhagsáætlun borgarinnar þess lítil merki. Raunar er það svo að enginn veit með vissu hvaða áhrif niðurskurðurinn kemur til með að hafa á atvinnumál á næsta ári. Ekki liggur fyrir hversu mikið stöðugildum kemur til með að fækka næsta sumar, þó ljóst sé að þar muni töluvert vanta upp á til að haldið verði í horfinu.

Umhverfis- og samgöngusvið, framkvæmdasvið, leikskólasvið og íþrótt- og tómstundasvið eru öll að hagræða á kostnað sumarstarfa og þrátt fyrir það hefur ekki verið hækkað framlagið til atvinnumála ungs fólks á íþrótt- og tómstundasviði. Það er ljóst að atvinnuleysi kemur ekki til með að verða minna á næsta ári en það er nú í ár og samkvæmt áætlunum á það að verða mun meira. Og það er því með öllu óskiljanlegt að ekki séu meira atvinnuskapandi áherslur í þessari fjárhagsáætlun. Að vísu eru 150 milljónir settar í miðlægan pott í Ráðhúsi sem merktur er atvinnumálum ungs fólks en það liggur ekki fyrir hvernig það fjármagn verður nýtt og það liggur heldur ekki fyrir af hverju þessi fjárhæð var valin og mönnum finnst það óskiljanlegt af hverju hún er hýst hér í Ráðhúsinu en ekki hjá íþrótt- og tómstundaráði eins og venjan er og eðlilegt þætti.

Fyrir nokkru lagði ég fram ósk í borgarráði um það að yfirlit yfir ýmsa þætti yrði lagt fram samhliða fjárhagsáætluninni. Þannig átti að vera hægt að sjá hvernig fjöldi stöðugilda myndi þróast, hver staða gjaldskráa yrði og hvaða áhrif fjárhagsáætlun hefði á grunnþjónustu. Þessar upplýsingar hafa enn ekki verið lagðar fram og ítreka ég því þessa beiðni og mikilvægi þess hér að borgarfulltrúar fái þessar upplýsingar í hendur hið fyrsta.

Forseti, borgarfulltrúar. Að sjálfsögðu er það gleðiefni að tekjurnar séu meiri og kostnaðurinn minni en áætlað var fyrir stuttu. Síðan á borgarráðsfundi 17 september hafa forsendur breyst og það ekki lítið. Ef mér skjáttast ekki er hagræðingarkrafa upp á 6,1 milljarð komin ofan í 3,2. Það munar um minna. Hagræðingarkrafan sem okkur var kynnt í borgarráði 17. september var 6,1 milljarður. Í nóvember voru lagðar fyrir ráðin áætlanir sem gerðu ráð fyrir miklum niðurskurði sem að þó nokkru leyti var tekinn til baka á þriðjudaginn var. Þessar sveiflur á spám og forsendum vekja óöryggi og valda áhyggjum. Þetta segir okkur það, hlýtur að segja okkur það, að við verðum að vera dugleg við að endurskoða áætlunina oft og endurskoða hana í alvöru. Það á að koma á mánaðarlegu uppgjöri með almennilegri greiningu og verði verulegt tekjufall á fyrstu þremur mánuðum ársins þarf að grípa til rötækra ráðstafana og þar verður að horfa til forgangsröðunar í þágu velferðar með sérstaka áherslu á börn. Örlætisgerningar sem fyrirhugað er að leysi að hluta til með 160 milljónum í ófyrirséðu þurfa að

bíða á meðan við áttum okkur betur á stöðunni. Þeir þurfa að bíða á meðan við áttum okkur betur á stöðunni. Sveiflurnar eru svo miklar.

Forseti, borgarfulltrúar. Að lokum vil ég tjá mig um það að undanfarið ár hefur reynt mjög á starfsfólk borgarinnar. Aukið álag, launalækkarnir og niðurskurður á starfsaðstöðu og hlunnindum, allt þetta hefur reynt á, ekki síst þá fjölmörgu sem fylla hóp láglounastarfsfólks sveitarfélaganna. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólkinu okkar sérstaklega fyrir sína vinnu við krappari kjör og erfiðari aðstæður. Ég vil enn fremur þakka þeim sem unnu þessa fjárhagsáætlun og lögðu við dag og nótt, þannig að okkur tækist að klára áætlunina vel fyrir jól.

Forseti, borgarfulltrúar. Ég hef hér tæpt á ýmsu sem varðar áherslur Vinstri grænna í borgarstjórn hvað varðar frumvarp borgarstjóra sem samkvæmt samþykktum verður vísað til seinni umræðu sem fara mun fram 15. desember. Ég hef ekki nefnt hér tillögur okkar um úttekt og áhættumat á stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og áhyggjur vegna hallarekstrar B-hluta fyrirtækja. Ég hef ekki nefnt tillögur okkar í húsnæðismálum og málefni þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Um þetta og fleira munu fulltrúar VG leggja fram tillögur á milli umræðna og við vonumst að sjálfsögðu til þess að fá góðar undirtektir. Þau sjónarmið sem hér hafa komið fram eru ekki tæmandi listi yfir athugasemdir og bókanir Vinstri grænna við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2010 og munu fulltrúar flokksins beita sér með ráðum og dáð fyrir breytingum á næstu tíu dögum.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gunnar Hólm Hjálmarsson.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Gunnar Hólm Hjálmarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Nú hefur fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 verið lögð fram. Við fyrstu sýn vakna upp ýmsar spurningar og margt virðist gagnrýnisvert sem þar kemur fram. Áherslur í niðurskurði þurfa þó ef til vill ekki að koma á óvart þar sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur fara með meirihluta í stjórn borgarinnar. Forgangsröðunin lýsir á margan hátt því sem þessir flokkar standa fyrir og hafa staðið fyrir í landsstjórninni með skelfilegum afleiðingum. Það má þó öllum vera ljóst að það þarf að hagræða og spara í rekstri borgarinnar við þær aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu og hefur F-listinn borið fram ýmsar tillögur í þeim efnum. Hvernig skorið er niður skiptir því höfuð máli. Í þessu fjárlagafrumvarpi er lagður til mikill niðurskurður til menntamála, leikskóla og einnig velferðarmála í raun, íþróttar- og tómstundastarfs og ýmiss konar annarrar þjónustu við borgarbúa á meðan að milljörðum er eytt í byggingar eins og Tónlistar- og ráðstefnuhús.

F-listinn lagði til að þeim framkvæmdum yrði frestað. Einnig hefur húsnæðiskostnaður borgarinnar aukist mjög mikið. Til dæmis á menntasviði og einnig húsaleigukostnaður í sambandi við Höfðatorg, og reyndar víðar. Þetta segir allt sem segja þarf. Steinsteypa virðist mikilvægari en fólk hjá meirihlutanum í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það hefur verið yfirlýst stefna meirihlutans að verja störfin, velferðina og gjaldskrárnar. Það er þó vandséð hvernig staðið verður við það með hátt í milljarðs króna niðurskurð á fjárveitingu til menntasviðs, hátt í hálf milljarðs króna niðurskurði á leikskólasviði og yfir 400 milljón króna niðurskurði á íþróttar- og tómstundasviði. Auk þess tapast fyrir sjáanlega fjöldi sumarstarfa vegna lengri lokunar á leikskólum borgarinnar á næsta sumri og vegna niðurskurðar á íþróttar- og tómstundasviði og framkvæmda- og eignasviði og reyndar víðar. Þarna er jafnvel talað um að 300 sumarstörf tapist.

Borgarstjóri sagði hér áðan að á velferðarsviði væri hagnaðarkrafan engin. En það er ekki allt sem sýnist. Þrátt fyrir stóraukið álag á sviðinu með mikilli fjölgun fjárhagsaðstoðarbeiðna og barnaverndarmála er ekki gert ráð fyrir fjármunum til fjölgunar starfsfólks, allavega svo neinu nemi. Ekki er gert ráð fyrir hækkun framfærslukostnaðar sem þýðir raunlækkun sem nemur verðbólguþinginu á árinu. Fólk sem fær framfærslustyrk upp á 115.000 krónur á mánuði dregur vart lífið

fram á þeirri upphæð, enda er það mun lægri upphæð en atvinnuleysisbætur eða lágmarkstaxtar verkalýðsfélaganna. Þessi upphæð er einnig lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Það kom hér fram áðan að í raun væri kannski niðurskurður á velferðarsviði 110 milljónir eða meira.

Ég ætla aðeins að minnst hér líka á húsaleigubætur sem er stór útgjaldaliður en útgjöld vegna húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta hafa hækkað mikið og ekki fyrir séð að sá aukni kostnaður rúmist innan fjárhagsramma sviðsins. Það er áhyggjuefni þrátt fyrir að töluvert miklum upphæðum sé varið til hækkunar á þeim útgjaldalið samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. En það er líklegt að það þurfi að auka framlög til velferðarsviðs umfram það sem gert er í fjárhagsáætluninni.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er margt fleira sem nefna mætti en ég ætla að láta hér staðar numið en legg fram svohljóðandi bókun:

F-listi frjálslyndra og óháðra mótmælir þeirri forgangsöröðun sem fram kemur í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir 2010. Á sama tíma og teknar eru háar upphæðir að láni til að fjármagna Tónlistar- og ráðstefnuhús og fleiri óarðbærar framkvæmdir er mikill niðurskurður til mennta-, velferðar- og öryggismála. Besta fjárfestingin við þær aðstæður sem nú ríkja í borginni er öflugt mennta- og velferðarkerfi til að undirbúa og styðja ungt fólk til að takast á við lífið og viðhalda færni þess til að taka þátt í atvinnulífinu þegar aðstæður breytast til batnaðar aftur.

Forseti: Borgarfulltrúi Gunnar Hólm Hjálmarsson hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á því að þakka borgarstjóra fyrir hennar ræðu þar sem hún fór í raun og veru mjög vel yfir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 og er í sjálfu sér litlu við það að bæta. En þó eru þar einstök atriði sem snerta þann málaflokk sem ég stýri, bæði í borgarráði, aðgerðahópnum, framkvæmda- og eignaráði og nýja átaksverkefninu okkar, Völundarverki, sem ég vil kannski segja ykkur örlítið frá og svo ætla ég kannski í nokkrum orðum að bregðast örlítið við þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar af oddvitum minnihlutaflökkanna.

Hér í Borgarstjórn Reykjavíkur hefur okkur tekist að skapa sátt og vinnufrið í borginni eftir sýndurtekin meirihlutaskipti á fyrri hluta þessa kjörtímabils. Ég tel að það sé hlutur sem við getum öll samfagnað og í raun og veru tileinkað okkur okkar þátt í því vegna þess að það var orðið löngu tímabært og hefur skapað hér meiri vinnufrið og meiri árangur í störfum borgarstjórnar heldur en við hefðum náð miðað við það ástand sem hér ríkti áður. Það er horft til Reykjavíkurborgar og til þess friðar sem hér ríkir þegar menn horfa til þess upplausnarástands sem ríkir við stjórn landsmálanna. En ég geri ekki lítið úr þeim vanda sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir en hún bregst við með öðrum hætti. Hún glímir við vandamál eins og sveitarfélögin í landinu, eins og fyrirtækin í landinu og eins og heimilin í landinu gera. Við þessar aðstæður höfum við í Borgarstjórn Reykjavíkur tekið upp ný vinnubrögð. Vinnubrögð sem ég held að fleiri ættu að tileinka sér og vinnubrögð sem ná árangri.

Við byrjuðum á að taka upp hina þverpólítísku aðgerðaáætlun þar sem oddvitum flokkanna var öllum boðið til að taka þátt í þeirri vinnu og ég held að það hafi skilað okkur góðu verki. Það er hins vegar túlkunaratriði hvers og eins hvernig mönnum hefur þótt til takast. En engu að síður náðum við þverpólítískri samstöðu um meginatriðin í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar. Það er að standa vörð um grunnþjónustuna, standa vörð um störf fastráðinna starfsmanna, hækka ekki gjaldskrár og leggja fé til framkvæmda til að sporna gegn atvinnuleysinu. Því til viðbótar hefur meirihlutinn í töluverðri andstöðu við minnihlutann farið í gegnum tvær fjárhagsáætlanir án þess að hækka skatta og nýta sér útsvarsheimildir. Það er gríðarlegur árangur.

Minnihlutinn hefur verið upplýstur um öll mál er varða fjárhagsáætlun og stjórnsýslan hefur verið opnuð. Ég tel hins vegar að það hafi verið mistök hjá minnihlutanum að samþykkja ekki fjárhagsáætlunina fyrir árið 2009 og standa ekki að þessari fjárhagsáætlun árið 2010 vegna þess að árangur okkar í fjármálastjórninni er greinilegur og umtalsverður. Það kom fram í ræðu oddvita Samfylkingarinnar þegar hann talaði um ábyrgð minnihlutans að það væri nú eitthvað annað að fylgjast með minnihlutanum í Borgarstjórn Reykjavíkur og hlusta svo á stjórnarandstöðuna á þingi. En hver skyldi nú vera meginskýringin á því? Meginskýringin á því er vissulega sú að þeir sem með valdið fara deila því. Þeir deila því út. Við höfum unnið í aðgerðahópnum saman. Við höfum farið saman til Norðurlandanna til þess að kynna okkur aðgerðir frændþjóða okkar við gerð fjárhagsáætlunar við erfiðar aðstæður. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Til dæmis í IceSave málinu. Hvers vegna var það ekki þverpólitísk þingmannanefnd sem skipaði samningahópinn um IceSave? Hefði það ekki verið annar bragur? Væri þá ekki önnur umræða á Alþingi Íslendinga? Ef menn hefðu staðið að hlutunum á sama hátt og við erum að standa að þeim hér. Þetta held ég að menn ættu að hafa í huga áður en þeir fara að berja sér á brjóst yfir því hvað þeir eru óskaplega ábyrgir hér í sölum Borgarstjórnar Reykjavíkur.

Minnihlutinn hélt því fram að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 væri óraunhæf. Það hefur komið í ljós að hún var raunhæf og gott betur. Í raun og veru eini þátturinn sem við getum sagt að út af standi sem stóðst ekki áætlanir í fjárhagsáætlun 2009 er áætlun um sölu eigna. Það var kannski ekki við öðru að búast en það hefði verið algjört ábyrgðarleysi af hálfu meirihlutans og þeirra sem lögðu fram frumvarpið að gera ekki ráð fyrir neinni sölu. Senda engin skilaboð inn í stjórnkerfið um það að við þyrftum að selja eignir, þyrftum að selja lóðir, þyrftum að koma eignum okkar í verð. Það gerðum við og starfsfólk okkar er búið að leggja sig fram eftir bestu getu að hrinda því í framkvæmd við afar erfiðar aðstæður. Og það hefur meira að segja tekist. Ég held að Reykjavíkurborg sé eitt af fáum sveitarfélögum sem hefur verið að selja lóðir á þessu kjörtímabili. Ekki margar en þó nokkrar og það er vegna þess að stefnan er skýr: við þurfum að koma eignum okkar í verð, við þurfum að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Það er út á það sem fjárhagsáætlunin í fyrra gekk og það er líka út á það sem þessi fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 gengur. Það er að efla atvinnulífið, efla

einstaklingana, efla fyrirtækin til þess að bjarga sér sjálf. Það eru okkar velferðaráherslur. Mér finnst eins og málflutningur minnihlutans sé um það að til þess að halda uppi velferðinni sé leiðin að stofnanavæða samfélagið. Koma sem flestum á fjárhagsaðstoð. Láta fólki líða sem best á atvinnuleysisbótum. En það er leið til glötunar. Okkar leið er sú að hækka ekki álögur. Hækka ekki þjónustugjöld. Gera fólki kleift að standa á eigin fótum. Það er meginsteifið í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar bæði fyrir árið 2009 og 2010 og þau eru að ganga eftir.

Við höfum hagrætt hjá Reykjavíkurborg um rúma fimm milljarða á þessu ári og það stendur til að hagræða um rúma þrjá milljarða á því næsta. Ég verð að segja það að miðað við að handbært fé Reykjavíkurborgar er um 15 milljarðar, að ef menn hefðu ekki farið í þessar hagræðingaraðgerðir þá hefði lausafé Reykjavíkurborgar verið uppurið og borgarsjóður tæmst á örfáum árum. Í öllum þeim ræðum sem minnihlutinn hefur flutt hér í Borgarstjórn Reykjavíkur vegna þessarar fjárhagsáætlunar er engin hagræðingaráætlun. Það er bara krafa um aukinn útgjöld. Þeir verða að spyrja sig að því sem halda því fram að hér sé ekki verið að gera það besta úr hlutunum við erfiðar aðstæður hvernig þeir ætla að ná þessari hagræðingu. Við erum að tala um 8-9 milljarða á tveimur árum. Það er meira en helmingurinn af handbæru fé Reykjavíkurborgar. Á tveimur árum. Sem hefði fokið út um gluggann ef við hefðum ekki farið í þessar aðgerðir. Það ættu menn að hafa í huga þegar þeir gagnrýna það að verið sé að skera niður.

Vissulega er verið að skera niður. Það er verið að hagræða á öllum sviðum borgarsamfélagsins. Það er líka það sem heimilin eru að gera og fyrirtækin, að ógleymdri ríkisstjórninni sem fer með allt öðrum hætti í sinn niðurskurð. Reykjavíkurborg býr að mörgu leyti við hærri atvinnuleysisspár heldur en önnur sveitarfélög og það er áhyggjuefni. Samt sem áður er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem er með raunverulegar aðgerðir í því að sporna gegn atvinnuleysi. Leggja fé til framkvæmda til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ef við berum saman fjárfestingar Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og fjárfestingar ríkisvaldsins hins vegar, þá kemur í ljós að ríkisvaldið er búið að skera framkvæmdafé sitt á tveimur árum úr 25 milljörðum niður í tíu. Reykjavíkurborg og Orkuveitan voru með á síðasta ári framkvæmdir

upp á 25 milljarða og það stefnir í svipaða tölu á næsta ári. Við erum tíu sinnum minna hagkerfi heldur en ríkið og ég held, og ég er reyndar viss, um að sú meginstefnubreyting sem Reykjavíkurborg gerði með því að aðgreina annars vegar reksturinn og hins vegar fjárfestingarnar og framkvæmdirnar gera okkur þetta kleift.

Þetta hefur ríkisvaldið ekki gert. Ríkisvaldið er í raun og veru með allan sinn rekstur í einum potti. Sami grauturinn í sömu skálinni og til þess að hagræða og spara og ná ásættanlegri niðurstöðutölu við gerð fjárlaga, þá er skorið niður á vitlausum stöðum. Í stað þess að spara í rekstrinum, taka til í rekstrinum og fjárfesta til framtíðar eru menn að skera niður og spara á vitlausum stöðum. Ég held að það eigi að vera skilaboð okkar til ríkisstjórnarinnar og ríkisvaldsins og þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa tekið upp sambærilegar reglur að gera þetta vegna þess að með því móti geta menn tekið reksturinn sérstaklega, hagrætt í honum og fjárfest síðan til framtíðar. Byggja upp atvinnu til þess að fleiri hafi vinnu og fleiri verði sjálfbjarga í okkar samfélagi.

Mig langar líka að nefna áhrif B-hluta fyrirtækjanna á rekstur Reykjavíkurborgar og þá stöðu sem Orkuveita Reykjavíkur er í vegna gengishrunsins og kerfishrunsins sem við búum við. Orkuveita Reykjavíkur er í gríðarlegum fjárfestingum, gríðarlegum framkvæmdum. Atvinnuskapandi, gjaldeyrisskapandi verkefnum sem munu nýtast þjóðinni til framtíðar. Við þessar aðstæður skekkjast rekstrarniðurstöður Orkuveitunnar það mikið að það hefur gríðarleg áhrif á heildarafkomu samstæðu Reykjavíkurborgar og allar þær hagræðingar sem við erum að gera inni í okkar kerfi, í raun og veru hverfa í þeim risatölum sem eru uppi og verða til þegar reikningar Orkuveitu Reykjavíkur eru skoðaðir og þeirrar gríðarlegu skuldaaukningar sem verður vegna gengisáhrifa. Ég velti því fyrir mér, og það er nú kannski ekki stórpólítískt álitamál, en þegar Reykjavíkurborg kynnir sína reikninga, að þá þurfum við að gera það með öðrum hætti. Við þurfum að aðgreina betur reksturinn í aðalsjóðnum, reksturinn í eignasjóðnum, þannig að það séu skýr skilaboð hvað þar er að gerast og hvað þar kemur fram, og síðan verðum við í raun og veru að kynna rekstur b-hluta fyrirtækjanna sérstaklega. Vegna þess að ég hef orðið var við það að þegar við erum að kynna rekstrarniðurstöður ársins, mánaðaruppgjörin og annað slíkt sem sýnir okkur að við erum að ná árangri í

okkar rekstri, þá koma aðrar tölur frá B-hluta fyrirtækjunum sem skekkja heildarmyndina. Ekki að ég vilji halda því eitthvað til hliðar, heldur er það mikilvægt fyrir Reykvíkinga og aðra þá sem fylgjast með að átta sig á því hver er raunverulegur árangur okkar í þeim rekstri sem við höfum tök á að ráða við.

Annað, sem ég held að sé nú kannski heldur ekki stórpólitískt mál, en er samt sem áður mikilvægt, að það er þegar við skoðum eignamat Reykjavíkurborgar. Eigið fé samstöðunnar er núna tæpir 100 milljarðar eða 99,5 milljarðar. En þegar við skoðum fjárfestingar og eignamyndun eignasjóðs Reykjavíkur, þá kemur í ljós að eftir framkvæmdir, eftir fjárfestingar þegar götur eru lagðar og lóðir verða til, þá er það í raun og veru ekki eignfært. Það er tekið út af rekstrarliðnum en það verður ekki eignfært fyrr en varan er komin í sölu og peningurinn er kominn í kassann. Það er hlutur sem við þurfum að skoða vegna þess að þetta í raun og veru skekkir myndina og sýnir veikari eiginfjárstöðu Reykjavíkurborgar heldur en hún raunverulega er.

Ef ég fer í gegnum einstaka málaflökka og byrja þá á ÍTR, íþrótt- og tómstundaráði, að þar kemur fram í greinargerðinni að unnið verði að frekari samþættingu á starfsemi ÍTR og menntasviði varðandi rekstur frístundaheimila. Settur verði af stað starfshópur menntaráðs og íþrótt- og tómstundaráðs nú þegar til að vinna að frekari útfærslu. Stefnt verði að samþættum vinnudegi skóla og frístundaheimila þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístundaheimili myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skólalag fremur en að vera í lok vinnudags. Íþrótt- og tómstundasvið og menntasvið vinni sameiginlega að þessu markmiði í samvinnu við starfsmenn sviðanna. Ég tel að þetta sé eitt stærsta málið sem við eigum að horfa til þegar við horfum til barna og unglíngastarfs í borginni. Hvernig við samþættum þetta starf. Vegna þess að meginhugmyndafræðin á bakvið einsetningu grunnskóla var að börnin væru búin með sinn vinnudag um miðjan dag. Það hefur ekki gerst. Við erum með hefðbundinn skólalag, við erum með frístundaheimili og síðan erum við með þetta hefðbundna frístundanám á eftir. Börnin eru í sínu námi og sínu starfi fram eftir degi og í mörgum tilfellum fram yfir kvöldmat og þetta er hlutur sem við eigum að skoða og höfum verið að reyna að skoða en er í raun og veru ekki komið lengra. Ég tel að þetta sé stóra málið og

Ég sé að þetta er inni í greinargerðinni hjá Íþrótt- og tómsundasviði en við þurfum svo sannarlega að sjá því stað á fleiri sviðum þannig að þessi framtíðarsýn sem við settum fram, við sem komum að einsetningu grunnskólanna á sínum tíma verði að veruleika. Það er orðið löngu tímabært.

Nú, á leikskólasviði hefur talsvert verið talað um hagræðingu þar. Leikskólasviði hefur verið gert að hagræða um 397 milljónir króna á árinu 2009 til ársins 2010 og meginþættirnir þar eru samrekstur, eftirlit með innkaupum og fyrirmýndarrekstur, svokallað best practice. Miðað við útkomuspá ársins verður um þriðjungur leikskóla töluvert undir fjárhagsáætlun. Horft verður til þess hvernig þeir leysa undirbúningstíma, veikindi, ásamt því að átak verði gert í að greina ástæður fjarvista vegna veikinda. Unnið verði að útboðum og rammasamningum við innkaupaskrifstofu borgarinnar. Fyrirkomulag innritunar nýrra leikskólabarna sumarið 2010 verði tengt sumarfríum starfsmanna. Niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla lækka til samræmis við framangreinda hagræðingu borgarrekkinna leikskóla. Þjónustutrygging verður lækkuð í áföngum. Ég held að það sé mikilvægt að staldra þar við vegna þess að þjónustutryggingin hefur verið gagnrýnd af fulltrúum minnihlutans en það sem er verið að gera með lækkuninni á þjónustutryggingunni frekar en að leggja hana niður kemur í raun og veru betur út fyrir borgarsjóð. Það er nefnilega ekki þannig að ef menn taka þjónustutrygginguna í heilu lagi og fella hana niður að sá kostnaður hverfi. Kostnaðurinn flyst annað. Það er stóra málið í þessu og með því að lækka þjónustutrygginguna með þeim hætti sem hér er gert þá náum við bestri hagræðingu. Það er mikilvægt að menn hafi þetta í huga þegar verið er að gagnrýna þjónustutrygginguna. Nú, að öðru leyti, í hagræðingu á leikskólasviði, þá er hagræðing í yfirstjórn og miðlægum pottum, ekki verður ráðið í stöður sem losna nema nauðsynlegt sé. Lækkun á öðrum rekstrarkostnaði er vegna útboða á rafmagnssamningum.

Nú, um menningar- og ferðamálasvið má segja að reksturinn þar er kannski ekki stærstur í sniðum en gríðarlega mikilvægur á þessum tíma þegar við erum að horfa til þess með hvaða hætti við getum eflt atvinnuuppbyggingu í borginni og aukningu á ferðaþjónustu og uppbygging hennar fyrir borgarsamfélagið er í raun og veru einn stærsti vaxtarbroddurinn sem við getum horft til við þessar aðstæður.

Stærsti einstaki fjárfestingaliðurinn á menningar- og ferðamálasviði er Tjarnarbíó sem er núna á lokasprettinum og það er hlutur sem við þurfum að skoða sérstaklega, með hvaða hætti við sjáum þann rekstur fyrir okkur og hvernig staðið verður að honum og er sú skoðun núna í gangi bæði inni á menningar- og ferðamálasviði og eins á framkvæmda- og eignasviði.

Á menntasviði, við gerð þessarar fjárhagsáætlunar, þá hefur verið forgangsraðað í þágu menntunar. Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur sett fram metnaðarfulla stefnu og starfsáætlun fyrir árið 2010. Haft hefur verið að leiðarljósi að viðhalda háu þjónustustigi án þess að auka útgjöld sviðsins. Sem fyrr er starfsáætlunin unnin í miklu samráði við starfsmenn á skrifstofu menntasviðs, skólustjórnendur, kennara, nemendur og foreldra. Hagræðingarkrafan á þennan málaflokk er rúm 4%. Það er alveg skýrt af hálfu meirihlutans að í því felst að það er engin hagræðingarkrafa á almenna kennslu, sérkennslu og nýbúakennslu. Allra leiða er leitað til að tryggja gæði skólastarfs með les- og stærðfræðiskimunum, samræmdum könnunarprófum, sjálfsmati skóla og frekari þróun heildarmats á skólastarfi.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafnar algjörlega gagnrýni minnihlutans á fjárhagsáætlun menntasviðs 2010. Annars vegar er látið liggja að störf fastráðinna starfsmanna séu í hættu vegna þeirrar hagræðingar sem liggur fyrir. Þessi framsetning minnihlutans er sett fram á óábyrgan hátt. Leiðarljós Reykjavíkurborgar er skýrt í þessum efnum: engir fastráðnir starfsmenn missa vinnuna. Hins vegar segir minnihlutinn að það skorti samráð. Meirihlutinn hafnar því einnig. Mikið samráð hefur verið við alla helstu hagsmunaaðila sem koma að skólastarfi. Í raun hefur samráðið verið það mikið hjá Reykjavíkurborg við gerð fjárhagsáætlunar að nú hefur sú vinna verið tilnefnd til verðlauna hjá EuroCities, samtökum evrópskra borga þannig að það er langt út fyrir þessa sali sem eftir því hefur verið tekið með hvaða hætti vinnubrögðin hafa breyst til góðs árangurs.

Ég tók eftir því þegar ég fór yfir greinargerðina og frumvarpið um menntasviðið að það eru 67 starfsmenn sem vinna á skrifstofu sviðsins. Eins erum við með sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum og það má á áætla að þar séu um 30 starfsmenn sem eru í þjónustu við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar inni er sálfræðiþjónusta og kennsluráðgjöf. Við erum líka tiltölulega vel mönnum í

skólunum sjálfum þar sem við erum með aðstoðarskólastjóra með skólastjórum, námsráðgjafa og sérkennslufulltrúa. En ef við tökum þessi störf sem eru fyrir utan grunnskólana en eru að þjónusta þá, þá eru þetta um 107 stöðugildi. Ég hafði samband hér suður fyrir læk og spurði þá hjá Kópavogsbæ hvað það ynnu margir starfsmenn á skólaskrifstofu Kópavogs. Mér er sagt að þar séu sjö starfsmenn og það standi til að ráða þann áttunda. Kópavogsbær er með í kringum 30.000 íbúa. Reykjavíkurborg er með tæplega 120.000 íbúa. Ef við miðum við að við værum með jafnmarga starfsmenn á menntasviði eins og Kópavogsbær er með á skólaskrifstofu sinni þá ættum við að vera með um 30 starfsmenn. Við erum með um 107. Nú kann vel að vera að það sé eitthvað í því sem ég sé ekki fyrir og einhverjar skýringar kunni að liggja í þessu en ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur hér á milli umræðna um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að þetta sé skoðað og í hverju þessi munur liggur.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur þegar við erum að standa í almennri hagræðingarkröfu á öllu stjórnkerfi Reykjavíkurborgar að við skoðum það og séum fullviss um það að það sé sambærilegt starfsmannahald hjá Reykjavíkurborg og hjá nágrennasveitarfélögum okkar miðað við íbúafjölda. Þó að ég taki þetta sérstaklega upp hér undir málefnum menntasviðs, þá er ekki þar með sagt að það þurfi bara að skoða það þar heldur held ég að við þurfum að skoða þetta almennt í kerfinu hjá okkur. Er Reykjavíkurborg með stærri stjórnsýslu, meiri yfirbyggingu, heldur en þekkest hjá öðrum sveitarfélögum í landinu? Ef svo er þarf að skoða það sérstaklega og ef svo er ekki er náttúrulega bara gott að vita það og ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að við fáum svör við því hér á milli umræðna um fjárhagsáætlun Reykjavíkur.

Við hagræðum á margan hátt inni á menntasviði og ein af stóru hagræðingarkröfunum er breyting á styrkjum til tónlistarnáms. Það kemur í ljós að Reykjavíkurborg er að styrkja fólk til tónlistarnáms sem er bæði á framhaldsskólaaldri og líka fullorðið fólk sem nemur um 330 milljónum króna á ári hverju. Þetta er í raun og veru klárlega kostnaður sem í öllum tilvikum ætti að falla á ríkið þar sem ríkið sér um framhaldsskólanámið en þegar sveitarfélag eins og Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir því að þurfa að hagræða á öllum sviðum, þá hljóta menn að staldra við 330 milljón króna útgjöld eða útgjaldaauka

vegna málaflokks sem í raun og sanni ætti að eiga heima hjá ríkisvaldinu og ég held að mér sé óhætt að segja frá því hér að borgarstjóri og menntamálaráðherra hafa farið sérstaklega yfir þetta og mér skilst að ríkisvaldið hafi sýnt skilning á því að þetta sé í raun og veru málaflokkur sem á heima hjá ríkisvaldinu. Þó að það sé ekki komin nein niðurstaða í málið þá er semsagt umræðan farin af stað og ég vænti þess og vona að skynsamleg niðurstaða náist í þessu vegna þess að það er ekki hægt við þessar aðstæður að Reykjavíkurborg ein og sér standi straum af þessum kostnaði.

Mig langaði líka í þessari umræðu að spyrjast fyrir um áætlanir innkaupaskrifstofu um sparnaðaráform vegna þess að það var sett fram í aðgerðaáætluninni að menn færu í ákveðnar sparnaðaraðgerðir í innkaupum. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að vita hvernig tekist hefur til. Það eru vissulega erfiðir tímar varðandi alla verðlagsþróun og hækkanir sökum þess en engu að síður verðum við að skoða það með hvaða hætti innkaupin hafa breyst og þróast hjá okkur með tilliti til aukins sparnaðar.

Nú, um skipulags- og byggingarsvið þarf kannski ekki að fjölyrða mikið, það er náttúrulega gjörbreytt ástand á því sviði þar sem uppbygging í verklegum framkvæmdum hefur náttúrulega dregist mikið saman og mun minna vinnuálag á skipulagssviði en áður en ég held að við eigum að nota einmitt þann tíma til þess að breyta um áherslur. Nýta starfsfólkið að einhverju leyti með öðrum hætti en gert hefur verið. Við þurfum kannski að vinna deiliskipulagið okkar að einhverju leyti sjálf eins og gert var hér hjá borgarskipulagi áður en ég held líka að við eigum að velta fyrir okkur breytingum í áherslum hjá byggingarfulltrúa þar sem í raun og veru mjög mikil áhersla er lögð og mikil krafa gerð um framlögð gögn, framlagðar teikningar og annað slíkt, meðan kannski minni áhersla er lögð á eftirlit. Hvernig er síðan unnið úr gögnunum. Úttektir, ótímasett eftirlit þar sem starfsmenn Reykjavíkurborgar fylgjast með því hvað er að gerast úti á markaðnum vegna þess að í þeirri uppsveiflu og þenslu sem var hefur það margoft komið fram að gæðum bygginga hefur farið aftur. Þess vegna held ég að það eigi að vera hlutverk borgaryfirvalda að skipta um gír í þessum efnunum og flytja eftirlitið í raun og veru frá því að rýna gögn og teikningar inni á skrifstofum skipulagsins í það að fylgjast með því hvað er raunverulega að gerast á byggingarstað.

Nú, um umhverfis- og samgöngusvið ætla ég nú ekki að segja annað en það að þar er gríðargott starf á ferðinni. Það er gríðarlega breytt viðhorf til umhverfismála og grænna samgangna og þar fara fyrir formaður umhverfis- og samgönguráðs, Gísli Marteinn Baldursson, og Ellý Katrín Guðmundsdóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir gegndi embætti formanns þar um tíma og gerði það mjög vel líka en þarna eru gríðarleg tækifæri til framtíðar. Þarna erum við að horfa til þess að reka borgina og leggja áherslu á grænni samgöngumál en við höfum gert og í þessu liggur framtíðin. Ég get sagt það bara svona í framhjálaupi að ég er nýlega kominn úr viðskiptafræðinámi þar sem allar nýjustu erlendu bækurnar um viðskiptafræði gengu út á umhverfismál. Grænar samgöngur. Grænt er bara business, góður business, annað er það ekki. Þannig að við erum á réttri leið þar og það verður gaman að fylgjast með því með hvaða hætti þau mál þróast.

Framkvæmda- og eignasviðið, þar er náttúrlega áherslan á verklegar framkvæmdir og eins og ég kom lítillega inn á hér áðan þá er Reykjavíkurborg með algjöra sérstöðu þegar kemur að verklegum framkvæmdum og því fjármagni sem við segjum þær og þeirri lántöku sem Reykjavíkurborg er tilbúin til þess að fara í til þess að halda uppi atvinnustigi í borginni. Minnihlutinn hefur gagnrýnt okkur fyrir það að skera niður í viðhaldi. Þar sé mannaflsfrækjan holdi klædd og þar eigi að leggja áhersluna og það sem við séum að gera í uppbyggingu og fjárfestingu sé í raun og veru bara gamaldags og engar breytingar. Svárið við því er mjög einfalt: ástæðan fyrir því að við skerum niður í viðhaldinu en aukum frekar nýbyggingarliðina er vegna þess að við erum búin að aðgreina hjá okkur reksturinn og fjárfestingarnar. Við gætum í raun og veru ekki tekið þennan framkvæmdapakka inn nema vegna þess. Hluti af rekstri Reykjavíkurborgar er viðhald og við þessar aðstæður eigum við það líka inni vegna þess að Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi eigna sinna vel á undanförunum árum og við höfum tök á því núna að draga úr því en förum þess í stað í almennar framkvæmdir, stórfelldar endurbætur og viðhald á eignum sem eru til dæmis afskrifaðar sem við getum eignfært upp á nýtt og það er í raun og veru, það er í raun og veru meginástæðan fyrir því að við leggjum þetta með þessum hætti upp.

Framkvæmdaáætlun ársins 2010 leggur megináherslu á eftirfarandi: að byggja upp skóla í nýjum hverfum borgarinnar en haustið 2010 verður í Úlfarsárdal tekin

í notkun samrekin leik- og grunnskóli ásamt frístundaheimili. Áfram verður unnið að uppbyggingu Sæmundarskóla og Norðlingaskóla og á næsta skólaári er fyrirhugað að taka í notkun annan áfanga Sæmundarskóla og fyrsta áfanga Norðlingaskóla. Áfram verður unnið við stígagerð, frágang og ræktun í nýbyggingahverfum eins og Úlfarsárdal og Norðlingaholti. Sinna á meiriháttar endurbótunum og viðhaldi á gömlum húsum undir merkjum Völundarverks Reykjavíkur. Helstu verkefni eru Laugavegur 4 og 6, Norðurpóllinn og þá verður Gröndalshús flutt og endurgert. Einnig er endurbygging á timburhluta Lækjargötu 2.

Þá erum við í raun og veru komin að því verkefni sem ég hef haft mikla ánægju af því að vinna að á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur og það er í raun og veru það átaks- og uppbyggingarverkefni sem Völundarverk í Reykjavík er og stendur fyrir. Við vorum svo heppin að fá upplýsingar um það á vormánuðum að Svíar fóru í mjög öflugt uppbyggingarverkefni í sinni bankakreppu upp úr 1990 í Halland í Svíþjóð þar sem hátt hlutfall iðnaðarmanna bjó og atvinnuleysi þeirra var mjög hátt á þeim tíma. Halland á sér hins vegar mjög gamla sögu í Svíþjóð og þar var mikið til af gömlum húsum í slæmu ástandi. Ég held að ég megi segja að það hafi verið formaður húsafriðunarnefndar þeirra Hallendinga sem fékk þá hugmynd að nýta atvinnulausa iðnaðarmenn og tæknimenn til þess að koma að þessari uppbyggingu. Þegar lagt var af stað í þennan leiðangur voru á milli tíu og tuttugu manns í Halland sem kunnu eitthvað fyrir sér í gömlu handverki og endurgerð gamalla húsa.

Að loknu verkefninu voru það um 2.000 manns sem höfðu nýtt sér þessi námskeið, lært og öðlast þekkingu á sviði gamals handverks og endurgerð gamalla húsa, auk þess sem Svíar hafa í raun og veru fengið alþjóðlega viðurkenningu fyrir sitt framtak. Þetta módel höfum við tekið upp, fært það undir nafn Völundarverks í Reykjavík og unnið að því. Þetta er í raun og veru fyrsta skrefið í því verkefni og það hefur tekist afar vel til og margir hafa sýnt því áhuga með hvaða hætti þetta er hugsað. Þau verk sem við erum í raun og veru að fara af stað með núna er, eins og ég sagði áðan, Laugavegur 4 og 6, Norðurpóllinn sem stóð við ofanverðan Hlemm og stendur til að flytja á svipaðar slóðir aftur samkvæmt

gildandi skipulagi, Gröndalshúsið og sá hluti Lækjargötu 2 sem eftir stóð eftir brunann mikla þar á horninu.

Ég hef gegnt stjórnarformennsku í stjórn Völundarverks og með mér í þeirri stjórn af kjörnum fulltrúum hafa verið Þorleifur Gunnlaugsson og Júlíus Vífill Ingvarsson og síðan Áslaug Friðriksdóttir og ég vil þakka þeim fyrir samstarfið. Formaður verkefnisstjórnar er Margrét Leifsdóttir á skipulagssviði og við höfum ráðið ágætan verkefnastjóra í verkefnið sem er Örn Baldursson en það er heldur ekki hægt að gleyma mikilvægi aðkomu Vinnumálastofnunar, Samtaka iðnaðarins, Samiðnar, Meistarafélags byggingarmanna og annarra sem koma að þessu undir merki Iðunnar og með þeim hætti erum við að starfa. Fyrsta námskeiðið er núna farið af stað, bóklega hlutanum er lokið og verklegi hlutinn er farinn af stað þannig að nú geta Reykvíkingar í raun og veru farið að sjá með eigin augum þá uppbyggingu sem er að eiga sér stað í miðborginni vegna þessara verkefna. Þetta er líka mjög mikilvægur þáttur í umræðunni um það að menn fari ekki í fjárfestingar sem auki á rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar eins og minnihlutinn hefur gert að umtalsefni. Þessi verkefni eru öll sett af stað með það að meginmarkmiði að Reykjavíkurborg annað hvort leigi frá sér húsnæðið eða selji. Þannig að það geti komist af stað ákveðin hringrás þannig að þegar einu verkinu lýkur sé komið til fjármagn til að leggja af stað í næsta verkefni. Meðan atvinnuástandið er eins og það er í dag í byggingariðnaði og ekkert sem bendir til þess að það sé að breytast alveg á næstunni, þá er verkefni Völundarverks eitt það mikilvægasta sem við leggjum til inn í byggingariðnaðinn við þessar erfiðu aðstæður.

Nú, um velferðarsviðið vildi ég segja að stærstu liðirnir þar sem hafa verið að aukast hjá okkur eru náttúrulega fyrst og fremst fjárhagsaðstoðin og húsaleigubæturnar og það er vissulega áhyggjuefni. Við þurfum að velta því alvarlega fyrir okkur hvaða áhrif húsaleigubæturnar eru að hafa á rekstur sveitarfélaganna og ekki síst hér í Reykjavíkurborg. Fjöldi þeirra sem velur sér það nú að leigja frekar húsnæði heldur en að eiga er mjög verulegur og það kemur beint inn á reikning Reykjavíkurborgar. Útgjaldaliður sem við höfum í raun og veru engin tók á. Einu tókin sem við höfum á þessum markaði er í raun og veru í gegnum okkar stóra og öflugra fyrirtæki, Félagsbústaði, og við hljótum í raun og

veru að þurfa að velta því fyrir okkur við þessar aðstæður hvort þessi stefna er stefna sem við ráðum við. Það tíðkast í nágrannasveitarfélögum að þar séu stórir og öflugir leigumarkaðir. Það er af hinu góða en ég trúi því ekki að það lendi með jafnmiklum þunga á rekstri sveitarfélaganna eins og það er að gera hjá okkur. Ég held að við þurfum að skoða það við þessar aðstæður hvort að við þurfum að breyta að einhverju leyti rekstrarfyrirkomulagi Félagsbústaða og hugsa það kerfi í raun og veru upp á nýtt sem einskona kaupleigukerfi í anda gamla félagsbústaðakerfisins vegna þess að við svo búið verður ekki þolað lengur að þessi rekstrarþáttur komi með auknum þunga yfir á borgarsjóð Reykjavíkur. Á meðan ríkið nær einhvern veginn að víkja sér undan. Kostnaðarauki Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna er hlutfallslega mun meiri heldur en ríkisins.

Hinn stóri kostnaðarliðurinn inni á velferðarsviði er fjárhagsaðstoðin sem hefur aukist verulega og það er hlutur sem við þurfum að horfa til og við höfum sett fram í þessari fjárhagsáætlun ákveðna virkniáætlun sem tengist fjárhagsaðstoðinni þannig að þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda séu í raun og veru í virku prógrammi til þess að lenda ekki í þeim vítahring að einangrast í sínu samfélagi og ég held að það sé mjög mikilvægt bæði fyrir þá sem þiggja fjárhagsaðstoðina og ekki síst fyrir okkur sem þurfum að hafa eftirlit með þeim gríðarlegu fjármunum sem þar fara út vegna þess að þeir sem eru í virkniáætlun, þeir sem eru í prógrammi, þeir sem eru raunverulega að leita sér að vinnu, við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þeim en það eru hugsanlega einhver brögð að því að verið sé að misnota þetta kerfi og það minnkar þá að minnsta kosti hópinn, eftirlitshópin sem við þurfum sérstaklega að skoða, ef menn eru ekki tilbúnir að fara í slíka virkniáætlun.

Húsnæðismálin hafa verið hér til umfjöllunar og hækkun á þeim lið og það er sjálfsagt að fara yfir það. Það kemur nú að rekstri framkvæmda- og eignasviðs og náttúrlega rekstri allra sviðanna en hækkunin sem hefur orðið á undanförunum árum er með þeim hætti að ég held að allir þeir borgarfulltrúar og allir þeir flokkar sem hér sitja inni beri talsvert mikla ábyrgð á því. Skólarnir hafa verið að stækka hjá okkur á undanförunum árum. Leikskólarnir líka. Allar þær þjónustumiðstöðvar sem Reykjavíkurborg hefur farið í útum alla borg eru líka hluti af auknum

húsnæðiskostnaði. Sú stefnubreyting að leigja frekar húsnæði undir stjórnýslu Reykjavíkurborgar í Höfðatorgi frekar en að eiga húsnæðið sjálf er líka hluti af þessu. Ef menn vilja fara í söguskoðun á því, hvenær hófst þessi húsnæðiskostnaður? Þá er að minnsta kosti hægt að segja um húsnæðið undir stjórnýsluna að sú stefnumótandi ákvörðun var tekið árið 2000 af þáverandi borgarstjóra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þegar svokallaður Vélamiðstöðvarreitur var seldur einkaaðilum, sem var í eigu borgarinnar vegna þess að menn töldu að það væri heppilegra og hagstæðara að leigja frekar húsnæði undir skrifstofuaðstöðuna heldur en að borgin ætti hana sjálf.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið röng ákvörðun. Reykjavíkurborg á stærsta fasteignafélag í landinu og það er enginn betur til þess fallinn að eiga og reka húsnæði heldur en Reykjavíkurborg og framkvæmda- og eignasvið en sú ákvörðun var tekin og þess vegna er það ekki hægt að fulltrúar þeirra flokka sem stóðu að þeirri ákvörðun skuli láta hæst í auknum húsnæðiskostnaði á vegum Reykjavíkurborgar. En fleiri hafa komið að þessum leigusamningum. Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar skrifaði undir hluta leigusamningsins við Höfðatorg og Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, kláraði síðan leigusamninginn um leigu á öllu húsinu í borgarstjóratið sinni. Þannig að þetta eru held ég stærstu ástæðurnar fyrir því að húsnæðiskostnaður hefur verið að aukast, fyrir náttúrulega utan verðlagsáhrifin. Þegar menn voru að tala hér um 90% aukningu á húsnæðiskostnaði borgarinnar frá árinu 2005 var náttúrulega verðlagsþátturinn þar inni 60%. Ég held að menn ættu að hafa slíkt í huga þegar þeir fara að bera saman slíkar tölur.

Ég er nú búinn, í ræðu minni, að fara svona að mestu leyti yfir það sem kom fram í ræðu oddvita Samfylkingarinnar í hans ræðu hér en svona kannski til þess að ljúka þessu með þeim hætti að bregðast við því sem kom fram hjá oddvita Vinstri grænna, Þorleifi Gunnlaugssyni, sem minnti nú svona svolítið á kommúnistaávarpið, með fullri virðingu, en það var þetta orð. Það var þessi orðanotkun um það að hér væri Framsóknarflokkurinn hækja íhaldsins. Út á það gengi samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Mér finnst þetta lýsa ótrúlegum fordómum. Ótrúlegum fordómum gagnvart samstarfi tveggja flokka. Gömul lumma sem hér er búin að heyrast aftur

og aftur og ekki bara hér heldur í marga áratugi. Ég hélt, satt best að segja, að við værum komin yfir það, komin framhjá því. Ég velti bara fyrir mér sjálfsmynd þeirra sem halda slíku fram. Hvert er til dæmis hlutverk Vinstri grænna í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í Mosfellsbæ? Eru Vinstri grænir hækja íhaldsins þar? Eða hvert er hlutverk og hver er sjálfsmynd Vinstri grænna í samstarfinu við Samfylkinguna í ríkisstjórn? Eru Vinstri grænir hækja Samfylkingarinnar þar? Ég vil ekki meina það. En þegar þessi gamla tugga er tuggin hér enn einu sinni þá spyr maður sig. Erum við ekki komin lengra? Samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hér í Borgarstjórn Reykjavíkur er byggt á samvinnu, trausti og vilja til þess að ná árangri. Og sú fjárhagsáætlun og það frumvarp sem hér er lagt fram er staðfesting á því.

Ég vil bara segja að lokum, um leið og ég þakka öllum þeim sem hafa komið að þessari miklu vinnu sem frumvarp til fjárhagsáætlunar er, starfsfólki fjármálaskrifstofu, starfsfólki allra sviðanna sem að þessu komu, fulltrúum stjórnmalaflokkanna í aðgerðahópnum og fulltrúum í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, að hér er lagt fram fjárhagsáætlunarfrumvarp fyrir árið 2010 sem miðar að því að hækka ekki gjaldskrár, hækka ekki skatta, auka fjármagn til framkvæmda til þess að draga úr atvinnuleysi og til þess að Reykvíkingar og þeir sem búa í þessari borg geti staðið uppréttir, bjargað sér sjálfir en ekki að gera velferðaráherslunum svo hátt undir höfði eins og lausnin felist í því að stofnanavæða samfélagið og koma öllum fyrir á einhverjum spennum í stað þess að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram í dag og með því lýkur fyrri umræðu um frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, hefð samkvæmt. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til annarrar umræðu sem færi þá fram þriðjudaginn 15. desember, að venju klukkan tvö, og ég legg til að þannig verði málið afgreitt, auk þess sem hér þarf að taka til afgreiðslu nokkrar tillögur er tengjast afgreiðslu frumvarpsins.

Forseti: Þá er umræðum lokið, fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Er einhver að biðja um að fá orðið? Það er sjálfsagt að taka til máls ef einhver ástæða er til. En svo er ekki, umræðum er lokið og það liggja fyrir fundinum hér nokkrar tillögur sem borgarstjórn þarf að afgreiða og þessar tillögur eru allar í fundargerð borgarráðs frá 1. desember eða frá því á þriðjudaginn. Það er rétt að allir borgarfulltrúar séu viðstaddir. Já. Þá skulum við ganga í þetta verkefni að afgreiða þessar tillögur.

Það er fyrst tillaga borgarstjóra um lántöku vegna framkvæmda, það er sbr. 4. lið fundargerð borgarráðs frá 1. desember. Þeir sem samþykkja erindið gefið merki. Einhver á móti? Erindið er samþykkt með átta atkvæðum gegn einu og það eru sex sem sitja hjá. Næsta er afgreiðsla á álagningarhlutfalli útsvars og borgarstjóri hefur kynnt tillögu en það hefur verið flutt breytingatillaga sem gengur lengra, hún gengur hærra en tillaga borgarstjóra og ég held að ég þurfi ekki að kynna hana, það er tillaga frá borgarfulltrúum Vinstri grænna um að útsvarið verði sumsé hámarksútsvar sem er 13,28. Þeir sem samþykkja þessa breytingatillögu. Er einhver á móti? Tillagan er felld með 8 atkvæðum gegn tveimur og fimm borgarfulltrúar sitja hjá. Þá ætla ég að leggja fyrir tillögu borgarstjóra um álagningar hlutfall útsvars, það er sumsé óbreytt eða 13,03. Þeir sem samþykkja það gefið merki. Einhver á móti? Tillagan er samþykkt með átta atkvæðum, sjö borgarfulltrúar sitja hjá. Þá er það tillaga borgarstjóra um hlutfall fasteignaskatts, það er samkvæmt 6. lið fundargerðarinnar. Þeir sem samþykkja þá tillögu gefið merki. Einhver á móti? Tillagan er samþykkt með átta atkvæðum, sjö sitja hjá. Þá er það tillaga borgarstjóra um hlutfall lóðarleigu. Þeir sem samþykkja þá tillögu gefið merki. Einhver á móti? Það er enginn, samþykkt með átta atkvæðum og sjö

borgarfulltrúar sitja hjá. Síðan er það tillaga borgarstjóra um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og holræsagjalds elli- og örorkulífeyrisþega, sú tillaga er kynnt í 7. lið fundargerðar borgarráðs. Þeir sem samþykkja þá tillögu gefið merki. Einhver á móti? Hún er samþykkt með 8 atkvæðum, 7 borgarfulltrúar sitja hjá. Síðan er lagt til að þessu frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 verði vísað til síðari umræðu þann 15. desember. Þeir sem samþykkja það gefið merki. Það er full samstaða um það, það eru 15 borgarfulltrúar sem það samþykkja. Já, það er gert ráð fyrir, það er nú ekki búið að ákveða það endanlega en það er frekar gert ráð fyrir að það verði klukkan tíu. Þá er það ákveðið, klukkan tíu. Fundi í borgarstjórn er slitið klukkan ... já, vel á minnst, það er rétt að leggja fram fundargerð borgarráðs, það voru bara þessir liðir sem ég tiltók áðan sem voru teknir út úr fundargerðinni en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram og það hefur enginn beðið um að fjalla um það þannig að borgarstjórnarfundi er slitið klukkan 14.18.